

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 389. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 6. mars 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands – heimsókn og spjall um starfsemina og samstarf við sveitarfélögin.
- 2) Körfuboltavellir í Snæfellsbæ – umræða með tæknideild um staðsetningu og stærð.
- 3) Fundargerð 355. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 20. febrúar 2025.
- 4) Fundargerð 190. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. febrúar 2025.
- 5) Fundargerðir 104. og 105. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 12. febrúar og 26. febrúar 2025, ásamt íþrótt- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar 2025-2027.
- 6) 27. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 18. febrúar 2025.
- 7) Fundargerð 228. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 22. nóvember 2024.
- 8) Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
  - a) Fundargerð 960. fundar, dags. 13. desember 2024.
  - b) Fundargerð 961. fundar, dags. 17. janúar 2025.
  - c) Fundargerð 962. fundar, dags. 22. janúar 2025.
  - d) Fundargerð 963. fundar, dags. 31. janúar 2025.
  - e) Fundargerð 965. fundar, dags. 18. febrúar 2025.
  - f) Fundargerð 966. fundar, dags. 19. febrúar 2025.
  - g) Fundargerð 967. fundar, dags. 20. febrúar 2025.
  - h) Fundargerð 968. fundar, dags. 21. febrúar 2025.
  - i) Fundargerð 969. fundar, dags. 24. febrúar 2025.
- 9) Fundargerð 84. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 24. janúar 2025.
- 10) Fundargerð 79. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 26. febrúar 2025.
- 11) Fundargerð 468. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 6. desember 2024.
- 12) Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 26. mars 2025.
- 13) Fundarboð aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 26. mars 2025.
- 14) Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 20. mars 2025.
- 15) Ályktun kennara í Snæfellsbæ, dags. 21. febrúar 2025.
- 16) Bréf frá stjórn svd. Sumargjafar, dags. 26. febrúar 2025, varðandi staðsetningu gáma fyrir gler og járn við Mettubúð.
- 17) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 20. febrúar 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Vidic ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, að Norðurtanga 1 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 18) Minnispointar bæjarstjóra, dags. 3. mars 2025, varðandi kjarasamning kennara.
- 19) Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar.
- 20) Samþykkt um götu og torgsölu.
- 21) Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, varðandi framlengdan frest til umsagnar um frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- 22) Bréf frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, ódags., varðandi verkefnið „Sinfó í sundi“.
- 23) Bréf frá Matvælaráðuneytinu, dags. 22. janúar 2025, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025 – áður tekið fyrir á 388. fundi bæjarstjórnar.
- 24) Samþykktir fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, seinni umræða.
- 25) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 4. mars 2025**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Margrét Björk Björnsdóttir <maggy@west.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. febrúar 2025 15:30  
**Subject:** Heimsókn til sveitarfélaganna á Vesturlandi

**Importance:** High

Erindi til sveitarfélaganna á Vesturlandi.

Sæl öll

Okkur hjá Áfangastaða- og Markaðsstofu Vesturlands langar til að koma í heimsókn til sveitarfélaganna á Vesturlandi til að eiga samtal um starfsemi okkar og samstarf við sveitarfélögin, - og heyra hvað þið hafið að segja um ferðamálin á ykkar svæði.

- okkur langar til að hitta kjörna fulltrúa í sveitarstjórn, sveitarstjóra, starfsfólk sveitarfélagsins og nefndarfólk í nefndum sem vinna að verkefnum sem tengjast ferðamálum.
- við erum tilbúin til að heimsækja ykkur þegar ykkur hentar - svo fremi að veður og færð hamli ekki för.
- það sem okkur langar sérstaklega til að segja ykkur frá og ræða um er:
  - Endurnýjun á Áfangastaðaáætlun Vesturlands sem unnin verður 2025 - en núna verður Áfangastaðaáætlun sett upp á nýja vefsíðu, þar sem á að vera hægt að uppfæra ýmis gögn varðandi stöðu ferðamála í viðkomandi landshluta og fylgjast með framvindu uppbyggingarverkefna sem sveitarfélögin setja fram og kynnt verða í Áfangastaðaáætlun, ásamt ýmsum fleiri nýjungum sem þessi samræmda vefsíða fyrir allar Áfangastaðaáætlanir landshlutanna gefa tækifæri til að vinna með og mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að vita af og nýta sér í sinni vinnu.
  - Ferðaleiðir á öllum ferðasvæðum á Vesturlandi - en áhersluverkefni okkar næstu tvö árin er að vinna þróunarvinnu, markaðsefni og kynningu fyrir heildstæðar og skilgreindar "ferðaleiðir" um hvert ferðasvæði á Vesturlandi - þ.e. Hvalfjarðarsvæðið, Borgarfjarðarsvæðið, Snæfellsnes og Dalina. Áhersla er lögð á að nýta núverandi innviði, auðlindir og þekkingu heimafólks til að skapa upplifun sem styður við sjálfbæra, ábyrga og nærandi ferðaþjónustu og styrkja jákvæða ímynd Vesturlands.
  - Það sem er efst á baugi á ykkar svæði - heyra og ræða um ferðamál á ykkar svæði eftir því sem áhugi, efni og ástæður eru til í hverju sveitarfélagi.

Við vonum að þið getið fundið tíma til að taka á móti okkur og eiga við okkur gott spjall - því virk upplýsingagjöf og samstarf eykur gæði og nýtingu vinnunnar okkar allra.

- endilega látið vita eins fljótt og kostur er hvort og þá hvaða tímasetning hentar ykkur best til að fá okkur í heimsókn - svo við getum skipulagt heimsóknirnar og hitt ykkar sem fyrst.

Okkur hlakkar til að heimsækja sveitarfélögin og eiga gott og uppbyggilegt samtal um þróun ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Með bestu kveðjum - Maggý

**Margrét Björk Björnsdóttir**

- fagstjóri -

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands

Bjarnarbraut 8. - 310 Borgarnes

sími: 433 8820 / 864 2955



# Körfuboltavellir

Snæfellsbæ

355. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 20. febrúar 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:30.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Friða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn og gesti velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 11. febrúar 2025, varðandi framboð í stjórn LS.**  
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. febrúar 2025, varðandi fréttatilkynningu stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga vegna yfirlýsingar ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga, dags. 13. febrúar 2025, varðandi skólaakstur við FSN á haustönn 2024.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Umsókn frá Kristínu Olsen, dags. 13. desember 2024, um að fá að halda hundinn Skara.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) **Umsókn frá Sæunni Ágústsdóttur, ódags., um að fá að halda hundinn Mola.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 6) **Vegamál á Snæfellsnesi og á Vesturlandi.**  
Mikil umræða hefur verið um vegamál á Snæfellsnesi undanfarin ár, enda ástand veganna með öllu ólíðandi. Undanfarnar vikur hefur ástandið versnað til muna og er svo komið að vegakerfið er að verða stórhættulegt og stofnar öryggi vegfarenda í hættu. Það verður líka að taka tillit til þess að um þessa vegi fara ekki einungis heimamenn heldur líka ferðamenn sem hafa ekki sömu reynslu og þekkingu til að keyra á ónýtum vegum. Sjúkraflutningar og aðrir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að fara um þessa vegi og mikilvægt að vegakerfið stofni þessum samgöngum ekki í hættu.  
Bæjarstjórnir á Snæfellsnesi og á Vesturlandi hafa átt marga fundi það sem af er árinu með Vegagerðinni, ráðherrum og þingmönnum kjördæmisins, ásamt því að í maí 2024 var haldinn sérstakur fundur með alþingismönnum á Breiðabliki, vegna viðvarandi vandamála með vegakerfið á svæðinu. Bæjarstjóri hefur jafnframt átt fjölmörg samtöl og önnur samskipti við stjórnvöld, þingmenn og Vegagerðina vegna þessa.  
Bæjarráð Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir bókun bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar frá síðasta fundi þeirra þann 13. febrúar s.l., og lýsir yfir þungum áhyggjum af síversnandi og hættulegu ástandi þjóðvega á Snæfellsnesi, ástandi sem er að stórum hluta til komið vegna skorts á viðhlitandi viðhaldi.

Vill bæjarráð Snæfellsbæjar jafnframt benda á að þungaflutningar eru nauðsynlegir atvinnulífinu á Snæfellsnesi, eins og í öðrum sjávarbyggðum, og því er lausnin ekki sú að þeir séu takmarkaðir.

Bæjarráð Snæfellsbæjar skorar á stjórnvöld að tryggja Vegagerðinni nú þegar það fjármagn sem þarf til að gera viðvarandi úrbætur á vegakerfinu strax í vor, úrbætur sem þola nauðsynlega þungaflutninga jafnframt aukinni umferð heimamanna og ferðamanna.

7) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

a) Rætt var um verkfall leikskólakennara í Snæfellsbæ. Bæjarráð samþykkti eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð Snæfellsbæjar styður þann grundvallarrétt launþega til að leggja niður störf í þeim tilgangi að knýja fram betri kjör eða önnur réttindi í kjarasamningum.

Bæjarráð lýsir þó furðu sinni á því að stjórn KÍ skuli halda til streitu verkfalli í Snæfellsbæ, þar sem einungis 6 starfsmenn af 28 eru í verkfalli að berjast einir á öllu landinu fyrir betri kjörum leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennara, í stað þess að fresta því þar til ný og fjölmennari verkföll byrja.

Verkfall leikskólakennara í Snæfellsbæ hefur sannarlega töluverð áhrif á foreldra og börn í sveitarfélaginu, þó verður að segjast að það hefur takmörkuð áhrif á kjarabaráttu kennara á landsvísu. Ólíklegt má telja að verkfall í Snæfellsbæ, einum og sér, geti haft mikil áhrif á stórar samningaviðræður eða kjaramál á landsvísu.“


b) Bæjarstjóri sagði frá því að Margrét Björk Björnsdóttir kemur inn á fund bæjarstjórnar í mars til að kynna markaðsmál og kynningar í ferðaþjónustu.


c) Bæjarstjóri og bæjarritari fóru yfir málefni Jaðars.


d) Bæjarstjóri sagði frá því að búid er að leggja fram nýtt frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.


**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:22**

  
Júníana Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 190190. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 27. febrúar 2025**  
**og hófst hann kl. 10:00.**

## **Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Matthías Páll Gunnarsson, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Gunnþóra Guðmundsdóttir og Hildigunnur Haraldsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Smári Jónas Lúðvíksson, Verkefnastjóri á Tæknideild Snæfellsbæjar.

## **Dagskrá:**

### **1. Bárðarslóð - Fyrirspurn varðandi uppsetningu Hraðhleðslustöðva - 2502001**

Steinþór J. Gunnarsson Aspelund hjá Instavolt Iceland ehf. Sendir inn fyrirspurn hvort uppbygging á hraðhleðslu ásamt dreifistöð Rarik á Lóð Hótel Arnarstapa þurfi á breytingu á skipulagi að halda.

Instavolt og Hótel Arnarstapi hafa gert afnota/leigumning sín á milli og er fyrirspurnin því send inn fyrir hönd beggja aðila

*Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í staðsetningu hraðhleðslustöðvanna en felur tæknideild að ræða við RARIK um staðsetningu og útlit spennistöðvar.*

*Jákvætt*

### **2. Öxl - Breyting á deiliskipulagi - 2501011**

Lögð er fram óveruleg breyting á deiliskipulagi Axlar.

Deiliskipulagsbreytingin nær til byggingarreits undir frístundahús sem stendur vestast í húspyrpingunni á Öxl. Breytingin er gerð til að koma til móts við niðurstöðu staðbundins ofanflóðahættumats sem unnið var í samræmi við ákvæði greinagerðar deiliskipulagsins, þar sem kveður á um að slíkt mat skuli fara fram vegna fyrirhugaðra uppbyggingar við núverandi mannvirki á Öxl.

Í niðurstöðu ofanflóðahættumats sem unnið var af Veðurstofu Íslands, október 2024, kemur fram að frístundahúsið skuli reist neðan B-línu hættumats.

Í breytingunni felst að byggingarreit frístundahúss er hliðrað til og fellur nú neðan B-línu hættumats. Jafnframt verði heimilt að reisa frístundahús að botnfleti 183 m<sup>2</sup> f í stað 170 m<sup>2</sup> innan byggingarreits. Er sú stækkun gerð til að koma fyrir tæknirými ásamt kaldri geymslu.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Breytingin telst óverulegt frávik og hefur hvorki áhrif á aðliggjandi landeigendur né skerðir hagsmuni þeirra hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi, enda er um óverulega breytingu að ræða. Nefndin felur tæknideild að vísa málinu áfram í lögboðið ferli.*

MPC 03  
M.G. 1  
S/L  
Hb

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Samþykkt*

### 3. Brekkubæjarland - stofnun lóðar úr landi Brekkubæjarland orlof - 2502002

Eigendur Brekkubæjarlands sækja um stofnun nýrrar landeignar sem staðsett er við veg að kirkju. Óskað er eftir að fá úthlutað staðfanginu Traðarhlað. Á svæðinu er ekkert deiliskipulag í gildi en lóðin er á svæði sem skilgreind er sem VP5 á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031.

*Umhverfis og skipulagsnefnd hafnar erindinu. Nefndin bendir á að vinna þarf heildstætt deiliskipulag fyrir landeignina, Brekkubæjarland.*

*Hafnað*

### 4. DSK\_Nýtt deiliskipulag fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli - 2411005

Lýsing og matslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir Malarrif, Svalpúfu og Vatnshelli var auglýst frá 9. - 30. janúar 2025 og bárust alls 7 umsagnir frá fagaðilum á kynningartímanum. Umsagnir kynntar.

*Umsagnir vegna lýsingar hafa verið kynntar umhverfis og skipulagsnefnd.*

*Kynnt*

### 5. DSK\_Nýtt deiliskipulag fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík - 2411006

Lýsing og matslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík var auglýst frá 9. - 30. janúar 2025 og bárust alls 7 umsagnir frá fagaðilum á kynningartímanum. Umsagnir kynntar.

*Umsagnir vegna lýsingar hafa verið kynntar umhverfis og skipulagsnefnd.*

*Kynnt*

### 6. Viðvík - Umsókn um byggingarleyfi - 2502003

Drimbur ehf eigendur Viðvíkur óska eftir að fá að fá byggingarleyfi fyrir viðbyggingu í samræmi við meðfylgjandi teikningar. Viðvík var áður íbúðarhús en fyrir nokkrum árum var húsið gert up og rekið veitingahús. Þegar hefur verið tekið jákvætt í fyrirstöpun þar sem óskað var eftir að breyta húsinu aftur í íbúðarhús.

*Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.*

*Samþykkt*

### 7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2025 - 2412010

*Umhverfis og skipulagsnefnd stefnir að vettvangsferð um sveitarfélagið á vormánuðum.*

*Umræður voru um mögulega uppbyggingu við Geirakot.*

*Umferðarmál á Ólafsbraut rædd og möguleg framtíðarsýn á götu og umhverfi hennar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

*Þrjúhúsið Hórn  
Fluorfen þau  
Hálfarinn Hórn*

*Matthías Páll Gunnarsson  
Hórn  
Eiríkur Bætur-Rannsson  
gumfús gútur 2  
Sara J. Ludviksson*

## **Íþróttta- og Æskulýðsnefnd**

*104. fundur – 12. febrúar 2025 kl 19.30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir  
Margrét Eva Einarsdóttir  
Guðrún Eva Bjarkadóttir  
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi)  
Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Formaður setti fundinn.

1. Kristfríður er búin að fá tilboð í líkamsræktartæki sem verða staðsett utandyra frá tveim fyrirtækjum.
2. Það þarf að fara yfir og endurskoða íþróttta- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar. Allir nefndarmenn gera það fyrir næsta fund og koma þá með sínar athugasemdir. Stefnan verður þá samþykkt og send til bæjarstjórnar eftir næsta fund.
3. Kristfríður kynnti samstarf við upplýsingafulltrúa Snæfellsbæjar en þau eru að vinna í kynningu á heilsueflingu í bæjarfélaginu.

Fundi slitið klukkan 20:00

## **Íþróttá- og Æskulýðsnefnd**

*105. fundur – 26. febrúar 2025 kl 19.30 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar*

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir  
Margrét Eva Einarsdóttir  
Aron Baldursson  
Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi)  
Ptryk Zolobow  
Margret Vilhjálmsdóttir

Formaður setti fundinn.

1. Farið yfir íþróttá- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar. Nefndarmenn gerðu nokkrar athugasemdir. Uppfært skjal fylgir fundagerðinni.
2. Stækkun félagsmiðstöðar kynnt.
3. Kristfríður kynnti hvað sé framundan hjá HSH eftir fund sem hún sótti fyrir í febrúar.

Fundi slitið klukkan 20:14

# ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTEFNA SNÆFELLSBÆJAR



SNÆFELLSBÆR

---

# Stefna Snæfellsbæjar í íþróttá- og tómsundamálum

Markmið sveitarfélagsins með íþróttá og tómsundastarfi er

- Að sem flestir taki þátt í íþróttá – og tómsundastarfi.
- Að stuðla að jafnrétti, vinna gegn fordómum og efla forvarnir.
- Að skapa sveitarfélaginu jákvæða ímynd og gera það enn eftirsóknarverðara til búsetu og þjónusta íbúa eftir fremsta megni.

Með eftirfarandi stefnumörkun Íþróttá- og æskulýðsnefndar Snæfellsbæjar er hugmyndin að marka ramma utan um þau hlutverk sem sveitarfélaginu er ætlað að sinna í íþróttá- og tómsundamálum í samfélaginu. Markmið sveitarfélagsins skulu vera skýr í þessum málaflokki og stefna.

Það er mikilvægt í hverju samfélagi að það sé fjölbreytt starf í íþróttá- og tómsundamálum og hlutverk þessarar íþróttastefnu er að styðja við almenna heilsueflingu og efla það íþróttastarf sem fer fram í Snæfellsbæ. Snæfellsbær hefur lagt áherslu á uppbyggingu íþróttastarfs- og íþróttamannvirkja auk stuðnings við félög í íþróttá- og tómsundastarfi. Þessi stefna á að höfða til allra íbúa óháð aldri, stétt, stöðu, uppruna, kyni eða kynhneigð.

Í framhaldi af íþróttastefnu Snæfellsbæjar eru íþróttafélög í bæjarfélaginu sem ekki hafa fastmótaða stefnu hvött til þess að byrja á eða halda áfram þeirri vinnu en jafnframt vinna að sömu markmiðum og fram kemur í þessari stefnu.

Stefna Snæfellsbæjar í íþróttá- og tómsundamálum 2025-2027 var samþykkt af bæjarstjórn XX. XXX. 2025

*Þá leggur nefndin til að stefna þessi sé skoðuð á tveggja ára fresti til að hún verði í takt við aðstæður í samfélaginu.*

**Íþróttá- og æskulýðsnefnd Snæfellsbæjar**

---

# Íþróttastarf barna og unglunga

## Markmið:

- Það er markmið Snæfellsbæjar að allt íþróttastarf stuðli að góðri líðan og heilsu barna og unglunga.
- Að börn og unglingar kynnist mörgum íþróttagreinum og fái þannig tækifæri til að velja þá grein sem þeim hentar.
- Kröfur um menntun og hæfni þjálfara og leiðbeinenda séu skilgreindar.
- Skólinn og íþróttirnar myndi heildstæðan vinnudag og stúlkur og drengir fái jöfn tækifæri.
- Það þarf að tryggja að öll börn hafi jafnan aðgang að íþróttá- og tómstundastarfi óháð kyni, uppruna eða aldri.

## Leiðir:

- Að bæta og styðja við íþróttaaðstöðu fyrir fjölbreytta íþróttastarfsemi svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Efla samstarf grunnskóla og íþróttafélaga.
- Að efla samstarf milli íþróttadeilda hjá ungmennafélagi Snæfellsbæjar svo að börnum gefist kostur á að stunda fleiri en eina íþróttagrein.
- Að taka þátt í kostnaði vegna þjálfunar barna og unglunga og auðvelda þar með félögum/deildum að ráða menntaða og hæfa þjálfara.
- Halda áfram að ná til barna og foreldra af erlendum uppruna með fræðslu og upplýsingagjöf í samstarfi við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.
- Að þjálfarar skrifi undir starfs- og siðareglur íþróttafélaga.

---

# Almenningsíþróttir

## Markmið:

- Að öllum íbúum gefist kostur á að stunda alhliða líkamsrækt og tileinka sér heilbrigða lífshætti.
- Íþróttir og útivist sé kynnt sem mikilvæg forvörn gegn fíkniefnum og sjúkdómum.
- Bæta aðstöðu fyrir hvers konar almennings íþróttaiðkun, auka fjölbreytni og tryggja eldri borgurum greiðan aðgang að íþróttamannvirkjum.

## Leiðir:

- Halda áfram uppbyggingu göngu-, hjóla-, og reiðstíga í Snæfellsbæ.
- Halda áfram að vinna að því að gefa út kort af sveitarfélaginu og merkja inn á það útivistarsvæði, leiðir og vegalengdir svo aðstaðan sé aðgengileg bæði íbúum og ferðamönnum.
- Að efla ýmsar uppákomur og viðburði sem setja svip á bæjarlífið og hvetja til hreyfingar.
- Kynna sundlaugar og hvetja fólk almennt til sundiðkunar.
- Að kynna fyrir íbúum möguleika til útivistar og hollrar útiveru.
- Upplýsingar um þá möguleika sem eru til staðar fyrir íþrótt- og tómstundastarf í bæjarfélaginu verði aðgengilegir á heimasíðu sveitarfélagsins og uppfærðar reglulega.
- Að styðja við hópa sem skipuleggja göngu- hjóla- og hlaupaferðir í Snæfellsbæ.
- Halda áfram að vinna að verkefninu heilsueflandi samfélag.

---

# Afreksíþróttir

## Markmið:

- Að Snæfellsbær styðji við hæfileikaríkt íþróttafólk þar sem áhersla er lögð á að sem flestir haldi áfram íþróttaiðkun eftir að unglingsárum lýkur.
- Með því móti er hægt að skapa jákvæðar fyrirmyndir fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu.
- Að sem flestir íþróttamenn geti stundað íþrótt sína á afreksstigi í sveitarfélaginu og auðvelda íþróttamönnum í Snæfellsbæ að ná afreksárangri.

## Leiðir:

- Að byggja upp og bæta íþróttaaðstöðu, þannig að aðstaðan verði eins og best verður á kosið.
- Að styðja við innra starf íþróttafélaga, m.a. með markmiðssetningu, þannig að þau geti unnið saman og með bæjaryfirvöldum að framgangi afreksíþróttar.
- Að styðja þá aðila sem stunda íþróttir á afreksstigi og auðvelda þeim að ná góðum árangri.
- Að styðja við og aðstoða þá aðila sem stunda íþróttir á afreksstigi með því að sækja um fjárhagsstyrki í samstarfi við HSH og aðildarfélags þeirra.

---

# Tómstundastarf

## Markmið:

- Að allir geti stundað uppbyggilegt tómstundastarf við sitt hæfi, auðvelda og auka þátttöku eldri borgara og fólks með fötlun ásamt því að skapa jákvæðar fyrirmyndir fyrir börn og unglinga.

## Leiðir:

- Að hvetja til innra starf þeirra félaga sem starfa að tómstundamálum.
- Að byggja upp þá aðstöðu sem nauðsynleg er til þess að tómstundastarf fái þrifist og hlúa að aðstöðu sem fyrir er.
- Að kynna markvisst starf þeirra félaga sem starfa að tómstundamálum.
- Að styðja við ýmsar upptökur og viðburði tengda tómstundamálum.
- Að auðvelda nýrri tómstundastarfsemi að komast á legg.

**27. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 18. febrúar 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Matthías Páll Gunnarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

**1) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.**

- a) Búið að vera að taka bókasafnið í gegn. Þar er búið að mála, setja upp kerfisloft, nýja lýsingu og skipta um gólfefni.
- b) Rafvirkinn er búinn að vera að fara yfir örygginn í rafmagnstöflunni þar sem búið er að vera að slá út rafmagni.
- c) Jónas smiður er búinn að vera að skipta um tvær hurðar.
- d) Að öðru leyti er búið að vera almennt viðhald á skólahúsnaðum og snatt í kringum skólann.

**2) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:**

- a) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- b) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunarkrana, stigaljós, 8 stk. fendera og ganga frá búnaði vegna vatnslagna.
- c) Dýpkunarframkvæmdir við gafl Trébyggju við Norðurtanga í Ólafsvík héldu áfram í janúar og febrúar. Svæðið var dýptarmælt 10.02. s.l. og þá kom í ljós að ekki var -3.0 m. dýpi á svæði fyrir framan Trébryggjuna, verið er að laga það þannig að - 3.0 m. dýpi verði á öllu framkvæmdasvæðinu.
- d) Útboð á stálpilsefni vegna 100.0 m. lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík var auglýst 20.01. s.l. og verður opnað 25.02. n.k.
- e) Verið er að vinna að því að fá dýpkunarskip til að dýpka innsiglinguna til Rifshafnar.

**Björn er formaður stjórnar Jaðars fór yfir framkvæmdir vegna anddyris á Jaðri:**

Framkvæmdir við nýtt anddyri halda áfram. Verið er að vinna innanhúss við flísalögn á gólfi sem er að mestu lokið, kæðningu á veggjum og raflögnum.

**3) Leifur fór yfir framkvæmdir:**

- a) Búið er að vera að vinna í lausu íbúðinni í Vallholti 19. Það stýttist í að hún verði tilbúin til útleigu.
- b) Búið er að vera að vinna með Hirti við pípulagnir í Röst ásamt öðrum lagfæringum eftir að eldri ofnar voru fjarlægðir.
- c) Ýmsu öðru sinnt, t.d. á Lýsuhóli, Jaðri, leikskólunum og í Ráðhúsinu.

MPC   
 

#### 4) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

##### Slökkvilið

- a) Það þarf að fara að laga þakrennur og þakkant á slökkvistöðinni. Rennurnar eru ónýtar og þakkanturinn farinn að fúna. Það þarf að fá iðnaðarmenn til að laga þetta sem allra fyrst.
- b) Farið var í 2 lokaúttektir, 1 dæluútkall, 2 þjónustuútköll (aðstoð við samfélagið) og 1 útkall vegan umferðarslyss/vinnuslyss

##### Íþróttahús - Ólafsvík

- c) Hitatúpa yfirfarin. Skipt um element, spólurofa og stýring yfirfarin
- d) Ljós endurnýjuð í klefa 4, salernum frammi og undir áhorfendabekkjum.
- e) Niðurfall lagað í áhaldageymslu.
- f) Það þarf að athuga með gluggastykkinn og gólfið á neðri hæðinni þar sem lekur. Við fyrsta tækifæri þarf að laga lekann og skipta út því sem farið er að eyðileggjast vegna lekans. Jafnframt þarf að fara að gera við útihurðina uppi, en hún er farin að verða léleg.

##### Sundlaug

- g) Búið er að vera mjög erfitt að kynda sundlaugina undanfarið vegna hitastigs á neysluvatni.
- h) Skipt um þétti í dælu í potti B
- i) Tíðnibreytir stilltur og tengdur við iðntölvu.
- j) Ný eining sett í iðntölvu.
- k) Bakskolunarloki tekinn í sundur og liðkaður.
- l) Sandsiur og bakskolun yfirfarin.
- m) Settur var upp nýr 43'' skjár í afgreiðslu fyrir myndavélavöktun á sundlaugarsvæði.
- n) Ný tölva var sett upp fyrir afgreiðsluna og tölva fyrir sundlaugarkerfið færð.
- o) Settur var upp skápur fyrir hjartastuðtækið.

##### Annað

- p) Farið var með 1000 kg af rusli úr bílageymslu í Klettabúð (Likn – félagsmiðstöð) ásamt fleira dóti sem komið var fyrir í öðrum geymslum.
- q) Varmadæla í Klifi var nettengd.
- r) Varmadæla sett upp í anddyri grunnskólans í Ólafsvík.
- s) Netkaplar lagðir í gegnum eldhús á skrifstofu.
- t) Að öðru leyti hefur verið unnið í almennu viðhaldi og snjómokstri.

#### 5) Ragnar og Smári fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Framkvæmdir við nýtt anddyri við Jaðar ganga ágætlega. Búið er að klæða húsið að utanverðu nema í kringum aðalinnganginn. Rennihurðar fyrir aðalinngang og innri hurð eru í smíðum og verða þær settar upp þegar búið er að ganga frá í kringum þær að innanverðu og mála. Búið er að flísaleggja gólfið og frágangur við gólfhita er í gangi. Gangi áætlanir eftir ættu framkvæmdir að vera langt komnar um næstu mánaðarmót.
- b) Stækkun leikskólans í Ólafsvík er á lokametrunum. Til bráðabirgða verður hellulagt fyrir framan inngangana þar til farið verður í lokafrágang lóðar í sumar.

M.P.F.  
SIV

- c) Búið er að magntaka og undirbúa verðkönnun fyrir málningarvinnu sumarsins og verður leitað eftir verði m.a í endurmálun á eldri hluta Jaðars, Vallholti 19, Ráðhúsinu og þaki á sundlaugar.
- d) Byrjað er að skipuleggja sumarvinnu vinnuskólans. Opnað verður fyrir umsóknir sem fyrst.
- e) Reglur fyrir stöðuleyfi fyrir matarvagna í sveitarfélaginu hafa verið endurskoðaðar og samþykktar. Breytingin fellst í fjölgun borða við hvern matarvagn.
- f) Endurskoðun húsnæðisáætlunar sveitarfélagsins er lokið og verður hún send til HMS í dag.
- g) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd framkvæmdum bæjarins og samantekt um fráveitumál svo eitthvað sé nefnt.

**6) Kristinn fór yfir ýmis verkefni:**

- a) Búið er að lagfæra kaffistofuna í Áhaldahúsinu.
- b) Farið var í að endurnýja heimtaug á vatni í Bárðarási 16.
- c) Lagaður var leki á vatnstaug á Hellisbraut við Bátahöllina.
- d) Tími Áhaldahúss hefur mikið farið í snjómokstur frá stofnunum bæjarins.
- e) Áhaldahúsið sér jafnframt um daglegan akstur með skjólstæðinga félagsþjónustunnar ásamt daglegum matarsendingum.
- f) Mikill tími hefur farið í að salta götur.
- g) Jólaskrautið var tekið niður og gengið frá því í geymslu.
- h) Búið er að lagfæra kaffistofuna í Ráðhúsinu.
- i) Búið er að vera að lagfæra hljóðvistina í húsnæði Félags- og skólaþjónustunnar á Hellissandi.
- j) Búið er að vera að holufylla í götum bæjarfélagsins.
- k) Búið er að vera að lagfæra salernisgámana á Arnarstapa.

**Næsti fundur verður þriðjudaginn 4. mars kl. 09:00.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:23

*Kristinn Gunnarsson*  
*BOGGER AKNAÐSSÓD.*  
 Matthias Páll Gunnarsson  
 Baldur & Susee  
 H. H. H.  
 Sonazi J.L.  
 Ólafur Ólafsson

**228. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 22. nóvember 2024, í Stykkishólmi**

**Mætt frá Breiðafjarðarnefnd:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, og Sigurður Halldór Árnason.

Arnar Kristjánsson mætti aðeins á seinni hluta fundar.

**Forföll:**

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 14.25.

**1. Fundargerð 227. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 227. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 1. nóvember 2024.

**Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**2. Melrakkaey í Sveitarfélaginu Stykkishólmi – endurbygging hjalls**

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið beiðni um umsögn frá landeiganda Melrakkaeyjar vegna áforma um endurbyggingu hjalls á eyjunni. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar undirbjó drög að afgreiðslu á milli funda og sendi þau á nefndarfólk.

**Afgreiðsla:**

Drögin voru rædd á fundinum og í kjölfarið samþykkt. Starfsmaður mun senda umsögnina á landeiganda.

**3. Búðanes í Stykkishólmi – landfylling á verndarsvæðinu**

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur haldið áfram jarðvegsvinnu við Nesveg/Skipavík í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Lesa má um málið í frétt frá 6. nóvember 2024 á heimasíðu sveitarfélagsins [hér](#).

Landnýting á svæðinu hefur áður verið á borði Breiðafjarðarnefndar, sbr. umsögn Breiðafjarðarnefndar til sveitarfélagsins frá 17. janúar 2023 [hér](#).

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd kynnti sér landslagsbreytingar út frá ljósmyndum sem fylgja fréttafærslu sveitarfélagsins og loftmyndum af svæðinu. Nefndin ákvað að senda sveitarfélaginu fyrirspurn um mótun landslags á svæðinu þar sem framkvæmdir ná inn á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun undirbúa drög að fyrirspurn og sendir þau á nefndarfólkið milli funda.

#### **4. Erindi frá Stefáni Skafta Steinólfssyni**

Stefán Skafti Steinólfsson sendi Breiðafjarðarnefnd erindi þar sem hann tjáir sínar áhyggjur af náttúruvernd á Breiðafjarðarsvæðinu.

##### **Afgreiðsla:**

Erindi Stefáns lagt fram til kynningar. Nefndin ræddi erindið og kom sér saman um svar sem starfsmaður nefndarinnar mun undirbúa og senda Stefáni.

#### **5. Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins í Dalabyggð**

Stýrihópur var skipaður í Dalabyggð í þeim tilgangi að ræða framtíðarhugmyndir um eflingu svæðisins. Stýrihópurinn skoðaði m.a. stofnun þjóðgarðs í Dölum og skilaði nýlega niðurstöðum til ráðherra. Hægt er að nálgast skýrsluna [hér](#).

##### **Afgreiðsla:**

Skýrslan var lögð fram til kynningar. Nefndin skoðaði sérstaklega kafla 4.4 þar sem fjallað er um stofnun þjóðgarðs við Breiðafjörð.

Hugmyndir um stofnun þjóðgarðs í skýrslunni eru á og við verndarsvæði Breiðafjarðar og er mikilvægt að framtíðarhugmyndir um þjóðgarð á þessu svæði verði í samræmi við verndarviðmið laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

#### **6. Gróðurrannsókn í Breiðafjarðareyjum**

Í janúar 2023 gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrustofu Vestfjarða um framkvæmd gróðurrannsóknar í nokkrum Breiðafjarðareyjum.

Rannsóknin var framkvæmd á vettvangi sumarið 2023 og sendi Náttúrustofa Vestfjarða skýrslu um framkvæmd og niðurstöður til Breiðafjarðarnefndar í nóvember 2024.

##### **Afgreiðsla:**

Forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða, Sigurður Halldór Árnason, sem einnig er nefndarmaður í Breiðafjarðarnefnd, kynnti skýrsluna á fundinum.

Starfsmaður mun setja skýrsluna á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar og undirbýr fréttatilkynningu um hana.

Þessi rannsókn var önnur gróðurrannsóknin sem nefndin hefur látið framkvæma á síðustu tíu árum. Skoða má rannsóknina frá 2018 á heimasíðu nefndarinnar [hér](#) og er nýja rannsóknin á heimasíðu nefndarinnar aðgengileg [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd ákvað á fundinum að skoða skýrsluna betur fyrir næsta fund. Á honum mun nefndin ræða um framhald gróðurrannsókna og hvernig nefndin hyggst áfram stuðla að rannsóknum á verndarsvæðinu.

### 7. Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð – staða verkefnis

Náttúrustofa Vestfjarða og Náttúrustofa Vesturlands vinna að endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Vinnan er borin uppi af Sigurði Halldór Árnasyni og Jakobi Stakowski.

Fyrir liggur að upplýsa Breiðafjarðarnefnd um stöðu verkefnisins.

#### Afgreiðsla:

Jakob Stakowski kynnti fyrir Breiðafjarðarnefnd nýja kaflaskiptingu endurskoðaðrar verndaráætlunar. Kaflaskiptingin var samþykkt af hálfu Breiðafjarðarnefndar.

### 8. Skýrsla Vestfjarðastofu – Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Vestfjarðastofa birti í ágúst 2024 skýrsluna „Þjóðgarðar á Vestfjörðum - sóknarfæri í byggðapróun“. Í skýrslunni eru skoðaðir þeir möguleikar sem hafa verið nefndir í umræðunni um þjóðgarða á Vestfjörðum. Farið er yfir hvað ólíkar tegundir friðunar fela í sér og hvað þarf að vera til staðar svo svæði geti orðið þjóðgarður. Skoða má skýrsluna á heimasíðu Vestfjarðastofu [hér](#).

#### Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar lagði fram til kynningar kafla 6 um Breiðafjarðarþjóðgarð. Skýrslan var rædd og fannst nefndarmönnum efni hennar gott innlegg í umræðu um framtíð svæðisins.

### 9. BioProtect verkefnið

Breiðafjarðarnefnd rakst á styrkjarmöguleika á vegum verkefnisins BioProtect, sem Matís og Hafrannsóknastofnun hafa umsjón með.

Lesið má aðeins nánar um verkefnið á heimasíðu MATÍS [hér](#), heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar [hér](#), og á heimasíðu verkefnisins [hér](#).

#### Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi aðeins BioProtect verkefnið og velti fyrir sér hvort það gæti hentað nefndinni að taka þátt í því.

Ákveðið var að starfsmaður Breiðafjarðarnefndar kynni sér verkefnið betur, sem og þá samstarfsmöguleika sem felast í því.

### 10. Fundur með landeiganda vegna mögulegrar endurheimtar Hraunsfjarðar á Snæfellsnesi

Breiðafjarðarnefnd fékk á fund landeiganda við Hraunsfjörð á Snæfellsnesi. Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Stíflan stendur eftir og hindrar náttúruleg sjávarföll inn í fjörðinn.

Lesið má nánar um áform Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd kynnti fyrir landeigendum hugmyndir um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar og ræddi við landeiganda um verkefnið.

Þátttakendur fundar komu sér saman um næstu skref í ferli verkefnisins. Þau eru að Breiðafjarðarnefnd mun setja í forgang að afla grunnupplýsinga um mögulegar afleiðingar brottnáms stíflunnar fyrir sjávarföll, lífríki og mögulega notkunarmöguleika á svæðinu. Nefndin mun senda drög að greinargerð til landeiganda í byrjun árs 2025.

**11. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður á Teams, en nákvæm tímasetning hefur ekki verið ákveðið að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.25.

# Fundargerð 960. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 13. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Berjaya Reykjavík Marina Hotel.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 955., 956., 957., 958. og 959. fundar - 2309033SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 955., 956., 957., 958. og 959. fundar stjórnar Sambandsins frá 15., 20., 22. og 24. og 29. nóvember 2024, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 100. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 4. nóvember 2024.

**3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 32. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 20. nóvember 2024.

**4. Fræðslumálanefnd Sambandsins - 2210009SA**

Lagðar fram fundargerðir 156. og 157. fundar fræðslumálanefndar Sambandsins frá 12. september og 30. október 2024.

**5. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 47. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 19. nóvember 2024.

**6. Afmæli Sambandsins - 2401027SA**

Rætt um afmæli Sambandsins á næsta ári.

*Sampykkt að tilnefna Heiðu, Halldór Halldórsson og Aldísi Hafsteinsdóttur í stýrihóp um 80 ára afmæli Sambandsins.*

**7. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í desember 2024. Fram kom í máli hennar að samtalið við KÍ hafi gengið vel seinustu vikur og að góður gangur sé í viðræðunum.

*Stjórn fagnar því að samtal við KÍ hafi gengið vel undanfarid og að góður gangur sé í viðræðunum. Mikilvægt að er að nýta vel þann tíma sem er framundan til að ná sátt.*

**8. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Verkalýðsfélagsins Hlífar, Samiðnar vegna Strætó, Félagsráðgjafafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands, dags. 21. og 26., 28. og 29. nóvember og 4. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Verkalýðsfélagið Hlíf, Samiðn vegna Strætó, Félagsráðgjafafélag Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands.*

**9. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 - 2411024SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn Sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Breytingar á fjárhagsáætlun yfir árið verða lagðar fyrir stjórn.*

**10. Tillaga að fulltrúum í mennta- og velferðarnefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412009SA**

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur Samband íslenskra sveitarfélaga farið í allsherjar endurskoðun og endurskipulagningu á innra starfi og starfsemi með það að augnamiði að skerpa framtíðarsýn, frumkvæði, hagsmunagæslu og samstarf innan sveitarstjórnarstigsins. Þann 1. desember 2023 tók gildi nýtt skipurit og nú 1. Janúar 2025 tekur til gildi nýtt skipulag fastanefnda Sambandsins. Fastanefnd er fagnefnd Sambandsins í þeim málefnum sem undir nefndina falla og vísar til stjórnar þeim álitamálum sem skera þarf úr um.

Megintilgangur breytinga fastanefnda er að efla samráð við kjörna fulltrúa og sérfræðinga sem starfa hjá sveitarfélögum. Fastanefndir starfi í samræmi við teymi sambandsins og að þannig verði tryggt að allir málaflokkar fái góða umfjöllun. Til að styrkja samráð er stjórnarmaður formaður í hverri nefnd og teymisstjóri starfsmaður nefndarinnar.

Breytingarnar hafa það í för með sér að eldri nefndir eru lagðar niður og skipað í nýjar frá og með 1. janúar 2025. Stjórn Sambandsins vill við það

tækifæri þakka fráfarandi fulltrúum í nefndunum kærlega fyrir sín störf fyrir Sambandið og þeirra verðmæta framlag til sveitarstjórnarstigsins.

Lögð fram tillaga að fulltrúum í menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**11. Tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**12. Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2210010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar. Jafnframt samþykktir stjórn tillögu að fulltrúum í nefndina og felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við viðkomandi einstaklingar um setu í nefndinni.*

**13. Tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga og erindisbréf - 2009664SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi ráðsins.

*Stjórn samþykkir erindisbréf ráðsins og að tilnefna Frey Antonsson í ráðið. Aðrir fulltrúar í ráðinu eru tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og haldast óbreyttir.*

**14. Breyting á fjármálareglum sveitarfélaga - 2408012SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs Sambandsins, dags. 9. desember 2024, vegna umsagnar um breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er varðar fjármálareglur sveitarfélaga.

**15. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, eru tilnefndar í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2024-2028.

16. **Tilnefning í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf - 2411004SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðapörf.
17. **Tilnefning í fagráð siglingamála - 2410013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2024, þar sem Gísli Jóhann Halldórsson, yfirhafnsögumaður hjá Faxaflóahöfnum, er tilnefndur sem aðalmaður í fagráð siglingamála og Dóra Björk Gunnarsdóttir, hafnarstjóri í Vestmannaeyjum, til vara.
18. **Tilnefning varamanns í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem varamaður í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.
19. **Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga - 2410011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 9. október 2024, um frumvarp til sóttvarnalaga, 231. mál.
20. **Umsögn um aðgerðaáætlun um gervigreind - 2411017SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2024, um aðgerðaráætlun um gervigreind 2024-2026, mál nr. S-223/2024.
21. **Umsögn um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslenski samhengi - 2412004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. desember 2024, um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi, mál nr. S-231/2024.

Guðmundur Ari Sigurjónsson tilkynnti að hann væri að sitja sinn seinasta fund þar sem hann er að taka sæti á Alþingi og hætta sem bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi. Þakkaði hann fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf seinustu árin. Annað stjórnarfolk þakkaði Guðmundi Ara kærlega fyrir samstarfið.

Í lok fundar óskaði formaður stjórnarfólki og starfsfólki gleðilegrar hátíðar.

Fundi var slitið kl. 13:50

# Fundargerð 961. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson, Saga Guðmundsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 960. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 960. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. desember 2024.

**2. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 48. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 16. janúar 2025.

**3. Staða kjaramála - 2406015SA**

Varaformaður samninganefndar sveitarfélaga og aðalhogfræðingur Sambandsins gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2025.

**4. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélags lögfræðinga og Sameykis vegna Strætó bs., dags. 16. og 17. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamninga við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðing og Sameykis vegna Strætó bs.*

Valur Rafn Halldórsson, Bjarni Ómar Haraldsson og Saga Guðmundsdóttir viku af fundi kl. 9:15.

**5. Tilnefning í siðanefnd Sambandsins - 2501021SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings, dags. 16. janúar 2025, um skipun fulltrúa í siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Maríu Káradóttur í siðanefnd Sambandsins í staðin fyrir Önnu Guðrúnu Björnsdóttur sem hefur beðist lausnar.*

6. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**  
Lögð fram fundargerðir 33. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. desember 2024.
7. **Veitur - sameiginleg þróun og rekstur - 2411014SA**  
Lögð fram drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun, hýsingu og rekstur á Veitu.  
*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samkomulagi Sambandsins og Reykjavíkurborgar um sameiginlega þróun og rekstur Veitu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulaginu og skrifa undir fyrir hönd Sambandsins.*
8. **Reglur um stuðning til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar - 2009566SA**  
Reglur Sambands íslenskra sveitarfélaga um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.  
*Stjórn samþykkir uppfærðar reglur um stuðning við sveitarfélög til að mæta kostnaði við rekstur fordæmisgefandi dómsmála á sviði vinnuréttar.*
9. **Tillögur að breytingum á lögum um rammaáætlun og skýrsla starfshóps - 2501007SA**  
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dag. 9. janúar 2025, um tillögur að breytingu á lögum um rammaáætlun. Einnig lög fram skýrsla starfshóps um endurskoðun rammaáætlunar sem skipaður var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í janúar 2024.  
*Yfirlögfræðingi falið að semja umsögn í samræmi við umræður á fundinum.*
10. **Umsögn um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum - 2404001SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 13. janúar 2025, um Saman gegn sóun - stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum, mál nr. S-241/2024.

Fundi var slitið kl. 10:00

# Fundargerð 962. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 22. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediksdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Ástráður Haraldsson, ríkissáttasemjari kom inn á fundinn undir þessum lið. Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaraviðræðna. Ríkissáttasemjari fór jafnframt yfir stöðuna frá sjónarhorni sáttasemjara.

Heiða Björg Hilmisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Einar Þorsteinsson og Margrét Sanders viku af fundi kl. 09:00. Jón Björn Hákonarson, varaformaður stjórnar, tók við stjórn fundarins í fjarveru formanns.

### 2. Málshöfðun vegna frestun verkfalla - 2501024SA

Lögð fram tillaga að bókun sem lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur til að lögð verði fram við fyrirtöku í héraðsdómsmáli nr. E-151/2025 þann 23. janúar nk.

*Stjórn samþykktir tillöguna samhljóða.*

Fundi var slitið kl. 09:15

# Fundargerð 963. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 31. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll og sat Kjartan Magnússon varafulltrúi hennar fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Staða kjaramála - 2406015SA**

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað samninganefndar sveitarfélaga, dags. 24. janúar 2025. Einnig lögð fram innanhússtillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum og Skólastjóraráðs Íslands, dags. 31. janúar 2025. Saga Guðmundsdóttir aðalhafurfræðingur Sambandsins, Bjarni Ómar Haraldsson varaformaður samninganefndar Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir þessum lið.

Saga Guðmundsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Kolbeinn Guðmundsson viku af fundi kl. 13:40.

**2. Fundargerðir 961. og 962. fundar - 2410016SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 961. og 962. fundar stjórnar Sambandsins frá 17. og 22. janúar 2025.

**3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - fundargerðir 2020-2025 - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 34. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 15. janúar 2025.

**4. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 49. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 24. janúar 2025.

**5. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Félags íslenskra náttúrufræðinga og Félags skipstjórnarmanna, dags. 23. desember 2024 og 24. janúar 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við Félag íslenskra náttúrufræðinga og Félags skipstjórnarmanna.*

**6. Starfsáætlun Sambandsins 2025 - 2411023SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Stjórnendur Sambandsins fara yfir helstu áhersluatriði ársins.

*Stjórn samþykkir starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025.*

**7. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501004SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

*Stjórn Sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda Sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

**8. Ársreikningur Bakhjarls Sambandsins 2024 - 2501005SA**

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

*Stjórn Sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda Sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*

**9. Fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambandsins 2025 - 2411025SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025.*

**10. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2501029SA**

Lögð fram drög að ársskýrsla Sambandsins fyrir árið 2024.

**11. Fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni - 2402027SA**

Lagt fram til minnisblað stjórnsýslusviðs Sambandsins, dags. 29. janúar 2025, um fagteymi vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.

**12. Skipan fastanefnda Sambandsins - 2409016SA**

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 29. janúar 2025, um endanlega skipan fastanefnda Sambandsins.

*Stjórn samþykkir tillögur að fulltrúum í fastanefndir Sambandsins.*

13. **Dagatal stjórnar - 2410016SA**  
Lagt fram að nýju dagatal stjórnar Sambandsins 2025 með áætlun um dagsetningu stjórnarfunda árinu og vorferðar stjórnar 27.-28. maí 2025.
14. **Tilnefning í starfshóp um mat og reynslu af gjaldfrjálsum skólamáltíðum - 2412008SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 17. janúar 2025, þar sem Ellen Tryggvadóttir, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, og Helgi Aðalsteinsson, rekstrarhagfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um mat og reynslu af gjaldfrjálsum skólamáltíðum.
15. **Endurtilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2404011SA**  
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 24. janúar 2025, þar sem Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur í umhverfismálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefndur sem varamaður í verkefnisstjórn loftslagsmála í stað Gyðu Einarsdóttur.
16. **Umsögn um Grænbók um stöðu ADHD mála á Íslandi - 2501030SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 27. janúar 2025, um Grænbók um stöðu ADHD-mála á Íslandi, mál nr. S-246/2024.
17. **Skýrsla til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2024 - 2201030SA**  
Lögð fram til kynningar skýrslan til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna verkefna 2024.
18. **Skýrsla um yngra fólk á hjúkrunarheimilum - 2405020SA**  
Lögð fram til kynningar skýrslan Yngra fólk á hjúkrunarheimilum, dags. 1. júní 2024.
19. **Staða í kjaraviðræðum - 2406015SA**  
Rætt um innanhússtillögu rikissáttasemjara í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara, Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda í leikskólum og Skólastjórafélags Íslands, dags. 31. janúar 2025. Inn á fundinn komu eftirfarandi framkvæmdastjórar sveitarfélaga eða fulltrúar þeirra Aldís Hafsteinsdóttir, Almar Guðmundsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Ásthildur Sturludóttir, Björg Ágústsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Björn Ingimarsson, Bragi Bjarnason, Bragi Þór Thoroddsen, Einar Freyr Elínarson, Einar Kristján Jónsson, Elliði Vignisson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Finnur Yngvi Kristinsson, Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Gerður B. Sveinsdóttir, Guðrún P. Ólafsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Haraldur Benediktsson, Hulda Kristjánsdóttir, Íris Róbertsdóttir, Jakob Björgvin S. Jakobsson, Jón Páll Hreinsson, Jón Valgeirsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Kristinn Jónasson, Lilja B. Ágústsdóttir, Linda Björk Pálsdóttir, Magnús Stefánsson, Pétur Arason, Pétur Georg Markan,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Sigurjón Andrésson, Sýlvía Karen Heimisdóttir, Unnur Valborg Hilmisdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Valdimar Víðisson, Valtýr Valtýsson, Þór Sigurgeirsson, Þorgeir Pálsson, Þórunn Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson og Halla Margrét Tryggvadóttir.

Að auki sátu þennan lið eftirfarandi starfsfólk Sambandsins: Saga Guðmundsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson. Allir aðilar nema stjórn og starfsfólk Sambandsins viku af fundi kl. 16:26.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir vilja að fara í þá vegferð sem ríkissáttasemjari hefur lagt fram í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands, þrátt fyrir að tillagan feli í sér talsverðan kostnað. Stjórn telur mikilvægt að sýna samningsvilja, og eftir fund með framkvæmdastjórum sveitarfélaga, samþykkir stjórn að ganga frá kjarasamningnum við þessa mikilvægu stétt. Stjórnin er sammála þeirri aðferðarfræði sem kemur fram í tillögunni um þá vegferð sem lagt er upp með í tengslum við virðismat kennara og verkáætlun til 20 mánaða. Stjórn samþykkir því samhljóða að veita samninganefnd sveitarfélaga umboð til að ganga að innanhússtillögu ríkissáttasemjara.*

Fundi var slitið kl. 16:40

# Fundargerð 965. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 18. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir og Helga María Pálsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 963. fundar - 2410016SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 963. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. janúar 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2025.

*Bjarni Ómar Haraldsson, varaformaður samninganefndar Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar sátu fundinn undir þessum lið.*

*Bjarni Ómar Haraldsson og Kolbeinn Guðmundsson viku af fundi kl. 8.50.*

**3. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambands stjórnendafélaga og Dýralæknafélags Íslands, dags. 5. og 17. febrúar 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Samband stjórnendafélaga og Dýralæknafélag Íslands.*

**4. Endurskoðun á samþykktum Sambandsins - 2406023SA**

Yfirferð samþykktu sambandsins.

*Stjórn samþykkir að leggja breytingar á samþykktum fyrir landsþing í samræmi við umræður á fundinum.*

5. **Drög að dagskrá landsþings Sambandsins - 2407022SA**

Kynnt voru drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðna á fundinum.*

Fundi var slitið kl. 09:30

# Fundargerð 966. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Staða kjaramála - 2406015SA**

Rætt um stöðu kjaraviðræðna Sambandsins við Kennarasamband Íslands.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsmenn Sambandsins, Ástráður Haraldsson og Bára Hildur Jóhannesdóttir frá Ríkissáttasemjara og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir þessum lið.

*Stjórn fundaði með ríkissáttasemjara sem fór yfir drög að mögulegri innanhússtillögu. Stjórn hugnaðist ekki að óbreyttu sú leið sem ríkissáttasemjari lagði upp með og fól formanni stjórnar og formanni samninganefndar að koma þeim skilaboðum á framfæri við ríkissáttasemjara.*

Fundi var slitið kl. 09:16

# Fundargerð 967. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 20:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodorsson, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2406015SA

Innanhússtillaga ríkissáttasemjara, dags. 20. febrúar 2025, lögð fram sem trúnaðarmál.

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Helgi Aðalsteinsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsfólk Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg.

Stjórn felur formanni samninganefndar að óska eftir því við ríkissáttasemjara að hann veiti Sambandinu frest til klukkan 12, föstudaginn 21. febrúar nk., til að gefa svar við því hvort að stjórn fallist á framlagða innanhússtillögu ríkissáttasemjara. Jafnframt verður haldinn upplýsingafundur með sveitar/bæjarstjórum kl:8:00 þann 21.febrúar.

Fundi var slitið kl. 21:52

# Fundargerð 968. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 21. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll ekki náðist að boða varamann hennar.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður stýrði fundi í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2410014SA

Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir og Saga Guðmundsdóttir starfsfólk Sambandsins og Kolbeinn Guðmundsson og Haukur Þór Haraldsson frá Reykjavíkurborg sátu fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um innanhússtillögu ríkissáttasemjara, sem lögð var fram 20. febrúar sl., á þremur stjórnarfundum. M.a. kom ríkissáttasemjari inn á fund stjórnar til að kynna mögulega tillögu og fá afstöðu stjórnar til þess hvort að hann ætti að leggja hana fram. Á þeim fundi kom skýrt fram að stjórn hugnaðist ekki sú leið sem sáttasemjari lagði til. Stjórn Sambandsins vill því koma því skýrt á framfæri að framsetning innanhússtillögu ríkissáttasemjara var ekki með samþykki stjórnar eða samninganefndar.

Stjórn Sambandsins telur sér ekki fært að fallast á innanhússtillögu ríkissáttasemjara í núverandi mynd enda felur hún í sér hærrí innaborgun á virðismat en sú miðlunartillaga sem stjórn var búin að samþykkja og gert er ráð fyrir að hægt sé að segja samningnum upp á samningtíma.

Stjórn Sambandsins hefur ávallt haldið þeirri afstöðu að viðræðurnar þurfi að byggja á sanngjörnum launakjörum fyrir kennara en telur að tillögur sáttasemjara eins og þær eru settar fram feli í sér óásættanlega áhættu.

Það er margt í tillögunni sem hugnast sveitarfélögum vel. Sambandið er fullvisst um að sú virðismatsvegferð sem lögð er til muni leiða til sanngjarnrar, gagnsærrar og málefnalegrar launasetningar kennara. Sambandið getur þó ekki fallist á það að kennarasambandið hafi heimild til að segja samningnum upp fyrir

lok samningstíma, án þessa að ljúka virðismatsvegferðinni. Hætta er á að það myndi setji alla aðra kjarasamninga á vinnumarkaði í uppnám enda hafa stöðugleikasamningar verið leiðarljós allra undirritaðra samninga opinberra launagreiðanda.

Stjórn Sambandsins ítrekar samningsvilja sinn og áréttar að sú tillaga sáttasemjara var samþykkt af stjórn fól í sér að lágmarki 22% hækkun á samningstímanum á meðan aðrir samningar á markaði og við aðrar stéttir felur í sér 14-15% hækkun. Ný tillaga hljóðar uppá meiri hækkun.

Sambandið heldur áfram í samningaviðræðunum af fullri einlægni og vonast til að finna farsæla lausn sem báðir aðilar geta unað við. Þá ítrekar stjórn Sambandsins traust sitt til samninganefndarinnar og umboð hennar til áframhaldandi samningaviðræðna.

Fundi var slitið kl. 11:28

# Fundargerð 969. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, mánudaginn 24. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Valur Rafn Halldórsson og Valgerður Rún Benediktsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Staða kjaramála - 2410014SA

Rætt um stöðu kjaraviðræðna Sambandsins við Kennarasamband Íslands.

Ástráður Haraldsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir frá ríkissáttasemjara sátu fundinn undir þessum lið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands með ríkissáttasemjara. Stjórn Sambandsins ítrekar samningsvilja sinn, heldur áfram í samningaviðræðunum af fullri einlægni og vonast til að finna farsæla lausn sem báðir aðilar geta unað við. Þá ítrekar stjórn Sambandsins traust sitt til ríkissáttasemjara og samninganefndar sveitarfélaga og umboð hennar til áframhaldandi samningaviðræðna fyrir hönd sveitarfélaganna.

Fundi var slitið kl. 10:17

# Fundargerð 84. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 24. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Íris Róbertsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Hugsanlegar breytingar á umhverfi sjávarútvegs - 2501003SU**

Rætt um hugmyndir sem hafa verið uppi um hugsanlegar breytingar á umhverfi sjávarútvegs á Íslandi. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga leggur þunga áherslu á það við stjórnvöld, ef þau hyggja á breytingar á umhverfi sjávarútvegsins, að þau hafi um það viðtækt samráð við sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélög áður en slíkt kemur til framkvæmda. Íslenskur sjávarútvegur er ein af grunnstoðum atvinnulífsins og mikilvægt að hann njóti fyrirsjáanleika í sínum rekstri líkt og önnur atvinnustarfsemi hér á landi. Afkoma hans hefur mikil áhrif á sveitarfélög, starfsfólk í greininni og samfélagið allt og því mikilvægt að vanda til allra verka hjá löggjafanum ef breytingar á að skoða.*

**2. Áhersluverkefni stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2025 - 2409001SU**

Rætt um áhersluverkefni ársins 2025 og var stjórnarfolk beðið um að huga að verkefnum. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfund.

**3. Næstu fundir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2409001SU**

Rætt um tímasetningar fyrir næstu fundi.

*Ákveðið að halda næsta fund í gegnum fjarfundarbúnað í febrúar, formanni falið að senda út tillögu að dagsetningu. Jafnframt ákveðið að halda staðfund í mars, í tengslum við Landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og heimsækja Hafró.*

*Formanni falið að undirbúa heimsóknina.*

Fundi var slitið kl. 08:15

# Fundargerð 79. fundar

## stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 26. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2502003SK

Á seinasta fundi stjórnar var samþykkt að óska eftir samtali við fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar til að ræða úrbætur í orkumálum. Gestur Pétursson forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar kom inn á fundinn undir þessum lið ásamt Hönnu Björgu Konráðsdóttur, Axel Michelsen, Jón Ásgeiri Haukdal Þorvaldssyni og Sigurði Friðleifssyni starfsfólki stofnunarinnar.

Fulltrúar samtakanna gerðu grein fyrir verkefnum vetrarins, þar sem sérstaklega var fjallað um raforkuöryggi með áherslu á afhendingu og verðlag raforku. Fram kom að umgjörðin utan um núverandi niðurgreiðslukerfi sé barns síns tíma og ófullnægjandi og var ítrekað mikilvægi þess að breyta því kerfi. Lagði stjórn áherslu á að mikilvægt sé að fara strax í að bæta verklag og endurskoða umgjörðina í samræmi við nýjar aðstæður. Á sama tíma er mikilvægt að skoða hvað hægt sé að gera á hverju svæði til að tryggja sjálfbærni og stöðugleika í orkuframleiðslu. Jafnframt var komið inn á niðurgreiðslur til sveitarfélaga og hvaða möguleikar eru til staðar hvað það varðar.

Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust þar sem ýmsar hugmyndir voru settar fram um hvernig hægt sé að bæta núverandi kerfi til að auka skilvirkni og raforkuöryggi.

*Í lok fundar var ákveðið að samtökin fundi aftur með Umhverfis- og orkustofnun í vor til að fylgja málum eftir.*

Í lok fundar þakkaði formaður fulltrúum Umhverfis- og orkustofnunar fyrir góðan og gagnlegan fund.

Fundi var slitið kl. 09:00

# Fundargerð 468. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 6. desember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir, sem ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 467. fundar - 2401001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 467. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 11. nóvember 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Farþegaskip - innviðagjöld - 2409002HA**

Stjórnin ræddi um næstu skref varðandi ákvörðun Alþingis um innviðagjöld og áhrif þess á skipakomur. Slíkar ákvarðanir geta haft áhrif á framtíðarsölu ferða til Íslands. Nauðsynlegt er að fara vandlega yfir málin í samráði við nýjan ráðherra. Mikilvægt er að finna lausn sem viðheldur tekjum hafna á landsbyggðinni og tryggir tekjur til innviðauppbýggingar. Stjórn Hafnasambandsins telur mikilvægt að málið verði útfært með höfnum landsins.

**3. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA**

Afgreiðslu frestað fram yfir áramót og nefndarmönnum falið að yfirfara drögin.

**4. Afmörkun og skilgreining hafnasvæða - 2412001HA**

Í lok árs 2025 ber öllum höfnum að hafa skilað til Innviðaráðuneytis uppfærðum hafnarreglugerðum sem taka mið af breytingu á afmörkun hafnasvæða á sjó. Ákveðið var að stofna vinnuhóp sem mun fara yfir afmörkun hafnasvæða og leggja fram tillögur að næstu skrefum.

**5. Umhverfismál og mengunarbúnaður - 2412001HA**

Kallað hefur verið eftir því við Umhverfisstofnun að sú stefnumörkun sem farið var í fyrir nokkrum árum verði innleidd varðandi uppsetningu á réttum búnaði í öryggishöfnum.

Nauðsynlegt er að tryggja viðeigandi búnað til mengunarvarna á höfnum landsins og er það mikilvægt skref til að styrkja viðbragðsgetu og auka öryggi á hafnarsvæðum.

Fundi var slitið kl. 12:45



Borgarnesi 25.02 2025

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

### Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 26 mars 2025. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 26 mars verður sem hér segir:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.30	Hádegisverður
Kl.13.15	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.15	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Breytingar á stjórn SSV
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga sveitarstjórnarfulltrúar á Vesturlandi sem kosnir eru af sveitarfélögum sem fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2024 verða send sveitarfélögum fyrir aðalfundinn. Vakni er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2024 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2025.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þennan dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, reading "Páll S. Brynjarsson". The signature is written in a cursive style with a long horizontal stroke at the end.

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV



## FUNDARBOÐ

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf.  
miðvikudaginn 26. mars 2025 kl. 13:15  
á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikningar félagsins
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

*Stjórnin*

Til allra sveitarstjórna

## FUNDARBOÐ

Aðalfundur Láнасjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Í samræmi við samþykktir Láнасjóðsins verður jafnframt boðið upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Teams, en auk þess fer atkvæðagreiðsla á fundinum fram með rafrænum hætti. Aðilar þurfa að hafa meðferðis farsíma eða tölvu til að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Mikilvægt er að fundarmenn skrái sig fyrir fram á fundinn. Skráning á fundinn fer fram á heimasíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Vakin er athygli á því að allir sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að sækja aðalfundinn svo og fulltrúar fjölmiðla skv. hlutafélagalögum (nr. 2/1995). Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins.


### Dagskrá aðalfundar

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2024 lagður fram til afgreiðslu.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum Láнасjóðsins.
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar og varastjórnar skv. 15. gr. samþykktanna.
8. Kosning tilnefningarnefndar.
9. Kosning utanaðkomandi fulltrúa í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnar – og nefndarmanna fyrir störf þeirra.
12. Önnur mál.

Stjórn vill sérstaklega áréttta að á fundinum verða kosnir þrjár í tilnefningarnefnd. Í samræmi við 19. gr samþykktu sjóðsins þurfa framboð að berast framkvæmdarstjóra minnst fimm dögum fyrir aðalfund á netfangið [ottar@lanasjodur.is](mailto:ottar@lanasjodur.is).

Ársreikningur fyrir árið 2024 ásamt tillögum til aðalfundar og tillögu kjörnefndar verða aðgengilegar á heimasíðu Láнасjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

Virðingarfyllt  
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.

  
Óttar Guðjónsson

## Tillögur fyrir aðalfund 2025

### Tillaga um arð og ráðstöfun hagnaðar

„Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2025 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2024 til hluthafa til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.“

### Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til að starfskjarastefnan standi óbreytt.

### Tillaga um laun stjórnar og undirnefndar stjórnar

Stjórn leggur til að laun stjórnar og undirnefndar stjórnar standi óbreytt eins og samþykkt var á aðalfundi 2024.

„Lagt er til að stjórnarlaun hjá Lánasjóðnum verði kr. 205.960 fyrir hvern mánuð og taki breytingum miðað við launavísitölu 1. janúar n.k. Laun varaformanns verða 1,25-föld mánaðarlaun stjórnarmanna og laun formanns verða 1,5-föld mánaðarlaun stjórnarmanna. Varamenn í stjórn skulu fá laun fyrir hvern setinn fund, sem eru jöfn mánaðarlaunum stjórnarmanns.“

### Tillaga um endurskoðanda

„Árið 2022 var KPMG ráðið sem endurskoðandi Lánasjóðsins til 5 ára. Ekki er heimilt að segja upp samningnum nema, nema sérstakar ástæður kalli á það. Stjórn leggur til að samningurinn standi óhaggaður“.

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Asdis Steingrimsdóttir <asdisst@hotmail.com>  
**Sent:** föstudagur, 21. febrúar 2025 20:25  
**To:** Lilja Ólafardóttir; Kristinn Jónasson  
**Subject:** Ályktun kennara í Snæfellsbæ.

Some people who received this message don't often get email from asdisst@hotmail.com. [Learn why this is important](#)

21. febrúar 2025

„Við, kennarar í Snæfellsbæ, sjáum okkur knúna til þess að bregðast við bókun bæjarráðs varðandi verkfall leikskólakennara í Snæfellsbæ sem birtist m.a. á Facebooksíðu Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 20. febrúar 2025.

Eins og bæjarráð bendir réttilega á eru sex leikskólakennarar í verkfalli. Sú staðreynd að þetta séu svo fáir kennarar er einmitt ástæðan fyrir baráttunni okkar, að auka hlutfall kennara í kennslu. Samkvæmt lögum á hlutfall kennara að vera tveir af þremur starfsmönnum leikskóla og eins og staðan er í dag þá er það ekki raunin í Snæfellsbæ.

Síðustu tíu ár hefur orðið mikil fækkun á kennurum á öllum skólastigum, hver ætli ástæðan sé?

Í miðri kjarabaráttu stefndi Samband íslenskra sveitarfélaga KÍ fyrir Félagsdómi sem klofnaði í niðurstöðu sinni varðandi lögmæti verkfalla KÍ. Niðurstaðan hafði í för með sér að kennarar í Leikskóla Snæfellsbæjar voru þeir einu sem voru í lögmætu verkfalli. Kjarabaráttu okkar kennara er hvergi lokið, því miður. Því er eðlilegt að halda baráttunni áfram.

Það er þungbært að taka ákvörðun um að fara í verkfall og gerir það enginn af léttúð. Leikskólakennarar í Snæfellsbæ standa svo sannarlega ekki einir í þessari baráttu, það er mikil samstaða hjá kennurum og frá mörgum aðilum í samfélaginu.

Það er von okkar allra að samningar náist sem fyrst.

Virðingarfyllst, trúnaðarmenn leik- og grunnskólakennara í Snæfellsbæ.“

<https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2025/alyktun-kennara-i-snaefellsbae/>

Sent from [Outlook for Android](#)

**Bæjarstjórn**

**Snæfellsbæjar**

### **Varðandi staðsetningu gáma fyrir gler og járn við Mettubúð**

Í apríl 2018 voru 70 ár liðin frá stofnun slysavarnadeildarinnar Sumargjafar í Ólafsvík. Í tilefni þess var vígður minnisvarði við Mettubúðina til minningar um Mettu Kristjánsdóttur sem var frumkvöðull á sviði slysavarna í Ólafsvík. Og stóð fyrir stofnun svd Sumargjafar.

Á koparskildi minnisvarðans er einnig texti um upphaf byggingar Mettubúðar sem var mikill áfangi í sögu svd Sumargjafar og björgunarsveitarinnar Sæbjargar.

Margir komu að byggingu hússins og var öll vinna unnin í sjálfboðavinnu og mikill metnaður hjá öllum að gera bygginguna sem glæsilegasta.

En eftir á að hyggja fannst okkur minnisvarðinn vera of innarlega í lóðinni. Vorum við að bíða eftir að svæðið yrði endurbætt, þ.e. gömlu hellurnar teknar í burtu og sett ný stétt, flaggstöngin færð og bílastæðið stækkað.

Það sem stjórn svd Sumargjafar er að fara fram á við bæjarstjórnina er að fjarlægja gáminn því okkur finnst hann skyggja á minnisvarðann. T.d. mætti staðsetja gáminn við áhaldahúsið nálægt höfninni.

Með von um góðar undirtektir.

Ólafsvík, 26. febr 2025

Stjórn svd Sumargjafar

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Leyfi - SMV <vesturland.leyfi@sylumenn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 20. febrúar 2025 16:25  
**To:** Kristinn Jónasson; byggngafulltrui@snb.is; Ragnar Már Ragnarsson; 'Heilbrigdiseftirlit Vesturlands'; Slökkvilið Snæfellsbæjar; Vinnueftirlitið - VER; vesturland@logreglan.is  
**Cc:** vidic.guesthouse@gmail.com; jonasalackner@gmail.com  
**Subject:** Ums.b./rek.G.II-VIDIC, Norðurtangi 1, Ólafsvík\_2025012088  
**Attachments:** Ums.b.rek.G.II-Vidic, Norðurtangi 1, Ólafsvík,Snæfellsbæ\_2025012088.pdf; lr.Rekstrarleyfi notendagögn\_2025012088.pdf; teikning1.pdf

Þú færð ekki oft tölvupóst frá vesturland.leyfi@sylumenn.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist rafræn umsókn Vidic ehf kt.420518-1960 um nýtt rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, stærra gistiheimili sem reka á sem Vidic að Norðurtanga 1, Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Hjálagt fylgir umsagnarbeiðni, notendagögn ásamt teikningum.

Óskað er umsagnar móttakenda þessa pósts.

Kveðja,  
Daðey.

Með kveðju / Best regards

**Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs**

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: [www.sylumenn.is](http://www.sylumenn.is) • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

**Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.**



## Sýslumenn

Sýslumaðurinn á  
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar  
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Slökkvilið Snæfellsbæjar  
Vinnueftirlitið  
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2025-012088

Akranesi, 20. febrúar 2025

### Umsagnarbeiðni - Gistileyfi

**Umsækjandi:** Vidic ehf., kt. 420518-1960, Norðurtanga 1, 355 Ólafsvík,

**Forsvarsmáður:** Jonas Alexander Lackner, kt. 040705-3410, Bæjartún 7, 355 Ólafsvík.

**Sími:** 7637525. **Netfang:** vidic.guesthouse@gmail.com; jonasalackner@gmail.com

**Tegund umsóknar:** - Umsókn um leyfi til reksturs Gististaðir í flokki II, tegund B-stærri gistiheimili

**Heiti staðar:** Vidic, Norðurtangi 1, 355 Ólafsvík.

**Staðsetning:**


Heiti fasteignar:	Fasteignanúmer:	Rýmisnúmer:	Hámarksfjöldi gesta:
Norðurtangi 1	2260196	010301	16

**Hámarksgestafjöldi:** 16 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórmsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

**Umsagnir óskast sendar á netfangið [vesturland.leyfi@sylsumenn.is](mailto:vesturland.leyfi@sylsumenn.is).** Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi


Daðey Þóra Ólafsdóttir  
sviðsstjóri þjónustusviðs

## Rekstrarleyfi

Sent inn: 12.2.2025

Málsnúmer: 2025012088

### Aðilar

Nafn: Vidic ehf.

Kennitala: 4205181960

Netfang: vidic.guesthouse@gmail.com

Sími: 7614498

Nafn: ~~████████████████████~~ *Zonos, Alexander Lackner*

Kennitala: ~~████████████████████~~ *040705-3110*

Netfang: vidic.guesthouse@gmail.com

Sími: ~~██████████~~ *7637525*

*\* Breytt skw  
Lokupósti  
20.2.2025  
Jpb*

### Tegund leyfis

Gististaðir

### Tegund gististaðar

B Stærra gistiheimili

### Flokkur

Flokkur II

Er sótt um útiveitingaleyfi?

Nei

Er sótt um bráðabirgðarleyfi?

Já

**Heiti gististaðar**

Vídic

**Virðisaukaskattsnúmer**

131399

**Rými**

Tegund: Gistirými  
Heimilisfang: Norðurtangi 1  
Fasteignanúmer: 2260196  
Rýmisnúmer: 001  
Hámarksfjöldi gesta: 16

**Afgreiðslutími áfengis**

Virka daga

Aðfaranætur frídaga

**Afgreiðslutími útveitinga**

Virka daga

Aðfaranætur frídaga

**Yfirlýsing um skuldastöðu?**

Já

---



## Til bæjarstjórnar

Tilv. 250101-02

### Efni: Kjarasamningar kennara.

Eins og bæjarstjórn er kunnugt um þá var gerður kjarasamningur við kennara í liðinni viku. Ef allt gengur eftir og samningarnir verða samþykktir þá þýðir þetta að laun á samningstímanum (3 ár) hækka um 24,5% sem er verulega umfram aðra kjarasamninga sem gerðir hafa verið.

Ljóst er að í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2025 er ekki gert ráð fyrir svona miklum launahækkunum á þessu ári en í heild gæti þetta þýtt um 15-16% hækkun á launakostnaði kennara við grunn-, leik- og tónlistarskóla. Kennarahópurinn er stærsti launþegahópur sveitarfélagsins svo þetta mikil hækkun hefur töluverð áhrif. Við fáum kynningu á þessu bráðlega, ef samningurinn verður samþykktur. Óformleg kynning var á föstudaginn með framkvæmdastjórum sveitarfélaga þar sem stiklað var á stóru um meginþætti samningsins.

Við á bæjarskrifstofunni erum ekki búin að reikna nákvæmlega hvað þetta er mikill kostnaður á þessu ári, en teljum eftir lauslega yfirferð að við séum að tala um ca. 65 m.kr. fyrir árið 2025. Þegar samningarnir verða komnir í hús getum við komið með nákvæmari tölu hvað það varðar.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir þessum mikla kostnaði í fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar þarf að bregðast við og gera breytingar á fjárhagsáætluninni. Hvernig bæjarstjórn vill gera það þarf að ræða og finna lausn á enda fullljóst að okkur ber að bregðast við með einhverjum aðgerðum og senda síðan tilkynningu um það til Innviðaráðuneytisins.


Svo eitthvað sé nefnt þá gætum hætt við framkvæmdir sem er auðveldasta leiðin eða farið í lántökur þó ég mæli ekki með skuldsetningu til að mæta þessum kostnaði.

Þessu til viðbótar þarf að koma með fjármuni í reksturs leikskólans vegna afsláttar af leikskólagjöldum sem bæjarstjórn samþykkti að endurgreiða foreldrum vegna verkfalls í febrúar.

Á fundinum kom fram að ríkistjórnin ætlar að taka yfir málaflokk barna með fjölþættan vanda frá 1. júní á þessu ári sem er góður áfangi fyrir sveitarfélögin.

Tel ég því nauðsynlegt að málin verði rætt í bæjarstjórn og ákvörðun tekin um hvernig bæjarstjórn ætlar að mæta þessum mikla aukakostnaði ársins.

Snæfellsbæ 03.03.2025

  
Kristinn Jónasson

bæjarstjóri

# Jafnlaunastefna Snæfellsbæjar

## Almennt

Snæfellsbær hefur launajafnrétti að leiðarljósi við launastefnu sína. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins.

Það er stefna Snæfellsbæjar að tryggja að konur og karlar sem starfa hjá sveitarfélaginu hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum. Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.

## Til að ná markmiðum jafnlaunastefnu þessarar skal Snæfellsbær:

- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum og eftir atvikum öðrum réttarheimildum, sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 sbr. einnig lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, með síðari breytingum.
- Tryggja að fyrir hendi séu skráðar og skjalfestar verklagsreglur fyrir jafnlaunakerfi, s.s. um flokkun starfa, hlítingu laga og reglna, samskipti, launagreiningar, skjálavörslu og úttektir.
- Innleiða og kynna jafnlaunamarkmið og jafnlaunastefnu þessa fyrir öllum starfsmönnum sveitarfélagsins og tryggja aðgengi þeirra að henni.
- Láta fara fram jafnlaunaúttekt.
- Tryggja að allar ákvarðanir um laun og kjör séu skjalfestar, rökstuddar og rekjanlegar og í samræmi við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi.
- Framkvæma árlega innri úttekt á jafnlaunakerfi og fara yfir með sviðsstjórum Snæfellsbæjar.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf með það að markmiði að kanna hvort munur er á launum starfsmanna eftir kyni.
- Bregðast án ástæðulauss dráttar við óútskýrðum launamun.
- Kynna helstu niðurstöður launagreiningar fyrir starfsfólki.

Bæjarstjóri og bæjarritari bera ábyrgð á framfylgd jafnlaunastefnu þessarar og innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfis Snæfellsbæjar.

*Samþykkt á 389. fundi bæjarstjórnar þann 6. mars 2025.*

Kæra bæjarstjórn.

Við í Ungmennafélaginu Víking/Reyni erum að skipuleggja konukvöld 5.apríl næstkomandi í fjáröflunarskyni fyrir ungmennastarfið. Við förum á leit við bæjarstjórn um að fá Klif/Röst til afnota endurgjaldslaust. Það fer eftir miðasölu hvaða salur/hús myndi henta viðburðinum sem kæmi í ljós þegar að miðasala er komin í gang.

Með von um góð viðbrögð.

Fyrir hönd stjórnar

Tinna Ýr Gunnarsdóttir

# Samþykkt um götu og torgsölu

## 1. gr. Almennt

Söluskálar og söluvagnar glæða sveitarfélagið lífi þar sem þeir standa og auka fjölbreytni í starfsemi og þjónustu í sveitarfélaginu. Samþykkt þessari er ætlað að tryggja að vel sé staðið að þessum málaflokki og að upplýsingar séu aðgengilegar og gegnsæjar fyrir áhugasama söluaðila.

Hér er um að ræða reglur vegna útgáfu leyfa fyrir götu- og torgsölu í Snæfellsbæ, sem getur verið:

- **Stöðuleyfi** sem getur gilt í allt að 7 mánuði á ári, frá apríl – til október.

Fyrir alla sölustarfsemi sem fær úthlutað stöðuleyfi í Snæfellsbæ gilda þessar reglur:

- Sölustarfsemin má ekki hamla eða trufla umferð um svæðið
- Tryggja þarf aðgengi viðbragðsaðila, s.s. lögreglu og slökkviliðs að staðnum
- Leyfishafar verða ávallt að gæta hreinlætis og sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt og úrgangur sé flokkaður og honum fargað eins og reglur kveða á um í sveitarfélaginu
- Afla skal allra tilskilinna leyfa vegna þeirrar sölustarfsemi sem á að fara fram á staðnum og framvísa þeim með umsókn

Sölustarfsemi getur m.a. farið fram í:

- Sölubifreið þar sem afgreitt er út um söluop
- Söluvagni sem dreginn er af bifreið eða á annan hátt
- Söluskála, tjaldi eða sölubás.
- Opnu rými undir berum himni t.d. á borði undir sóhlíf, á teppi eða sambærilegu.

## 2. gr. Umsóknarferli og úthlutun

Tæknideild Snæfellsbæjar er umsjónaraðili götusölu, sölubása, söluvagna og útmarkaða og sér um framkvæmd leyfisveitinga, eftirlit og upplýsingagjöf. Umsækjandi um stöðuleyfi söluvagna getur nálgast eyðublað á vefslóðinni: <https://snb.is/stjornsysla/stjornsyslan/eydublod/>

Sækja skal um stöðuleyfi vegna götu- og torgsölu í Snæfellsbæ fyrir hvert ár.

Leyfisveitandi auglýsir, eigi síðar en **1. febrúar** ár hvert á heimasíðu Snæfellsbæjar hvenær opnað verður fyrir umsóknir um götu- og torgsöluleyfi.

Umsóknum skal skilað inn til Tæknideildar Snæfellsbæjar.

Eftir því sem að umsóknir berast frá og með tilteknum fyrirfram auglýstum degi eru þær auðkenndar með dagsetningu og tíma og móttaka staðfest.

Leyfisveiting byggir á mati á þeirri umsókn sem berst, þar sem gera á ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri sölustarfsemi og allri umgjörð hennar; vöruframboði, þjónustu, sölutíma, staðsetningu, útliti og öllum

aðbúnaði sem starfseminni fylgir. Leitast verður við að hafa fjölbreytta starfsemi á hverjum stað. Leyfi er ekki hægt að framselja.

Með umsókn um stöðuleyfi skal fylgja samningur um sorphirðu.

Á sölusvæði er ekki gert ráð fyrir að leyfisveitandi útvegi tengingar við fráveitu, vatnsveitu, rafmagn, fjarskiptanet eða aðra innviði. Ef umsóknaraðili hyggur á að verða sér út um einhverjar slíkar tengingar skal það koma fram í umsókn með útskýringum um hvernig því verður háttað.

#### **Úthlutun byggir á þremur meginþáttum:**

- Gæðum umsóknar og þeim upplýsingum sem þar koma fram
- Kröfu um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu
- Fyrri reynsla af rekstri umsækjenda

Leyfisveitanda er heimilt að hafna umsóknum ef hann telur að sú starfsemi sem í umsókninni felst uppfylli ekki kröfur til sölustarfsemi og/eða að starfsemin uppfylli ekki kröfur um fjölbreytileika og mismunandi framboð á þjónustu. Umsóknum án tilskilinna gagna og leyfa er hafnað.

### **3. gr. Umgengni**

#### **Eftirfarandi kröfur eru gerðar til leyfishafa:**

- Ávallt ber að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé haldið hreinu. Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði sínu hreinu og í sama ástandi og hann tók við því.
- Mögulegar skemmdir á svæðinu verða lagfærðar af Tæknideild Snæfellsbæjar á kostnað leyfishafa. Á sölusvæði er hvorki gert ráð fyrir tengingum við fráveitu né vatnsveitu.
- Forsendur fyrir notkun á opinberum svæðum er að björgunar-/viðbragðsaðilar hafi ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfskilyrði.

### **4. gr Útlit, aðstaða og merkingar**

- Gerð er sú krafa að útlit söluvagns/söluskála fari vel í umhverfinu, að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi á þeim stað sem salan á að eiga sér stað.
- Öll viðföng, sorphlát, merkingar, borð og annað tilheyrandi skal tilgreina í umsókn um stöðuleyfi. Standborð við hverja sölustöð mega mest vera 0,8 m að þvermáli og skulu aldrei vera fleiri en tvö. Borð sem hægt er að sitja við skulu aldrei vera fleiri en tvö, með sæti fyrir hámark 6 á borði (ca. 2,0m x 1,2m). Að lágmarki þarf að vera eitt sorphlát við hvern söluvagn.
- Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti nema á viðkomandi söluvagni.

**5 gr.  
Gjald**

Vegna stöðuleyfa sölubása eða söluvagna er greitt stöðuleyfi samkvæmt gjaldskrá byggingarleyfisgjalda 2020 sem er 185.000 krónur og miðast við apríl til október.

**6 gr.  
Uppsögn. Lok og afturköllun leyfis**

**Eftirfarandi ákvæði gilda um uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis:**

- Samningur getur hvenær sem er verið afturkallaður ef ákvæði samþykktar þessarar eða önnur atriði samnings hafa verið brotin, án endurgreiðslu leyfisgjalds.
- Samningur getur hvenær sem er verið afturkallaður ef áform eru um að svæðið verði notað í opinberum tilgangi, skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- Leyfishafa er gert skylt að laga sig að vega- og byggingaframkvæmdum og viðburðum á götu- og torgsölusvæðum, sem geta leitt til tímabundins flutnings og/eða afturköllunar leyfis. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir með minnst viku fyrirvara.
- Ekki eru greiddar bætur fyrir tímabundna afturköllun á götu- og torgsöluleyfi vegna viðhalds eða annarra aðkallandi verkefna veghaldara og landeigenda á staðnum.
- Leyfishafi þarf að útlista hvernig geymsla á aðföngum verði háttað.

**7 gr.  
Aðrar reglur**

Leyfishafar skulu hlíta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en stöðuleyfis skal leyfisumsækjandi afla þeirra. Óleyfisstarfsemi verður tilkynnt til lögreglu.

**Bæjarstjórn Snæfellsbæjar  
6. mars 2025**

**To:** Fanný Guðmundsdóttir; Aðalsteinn Óskarsson; Steinar Adolfsson; Björn Ingimarsson; Guðni Pétursson; Baldur Hrafn Björnsson; Lilja Ólafardóttir; Gunnar Jónsson; Kristinn Gauti Einarsson; Bragi Þór Thoroddsen; Páll Björgvin Guðmundsson; Ráðhúspóstur; Ásta Friðriksdóttir; Svava G. Sverrisdóttir; Kristinn Bjarnason; Ingólfur Arnarson - deildarstjóri hagdeildar; Valdimar O. Hermannsson; Saga Guðmundsdóttir; Arni Gisli Arnason; Bergþór Bjarnason; Helgi Aðalsteinsson; Valgerður Rún Benediktsdóttir; Heimir Örn Árnason; Kristín Egilsdóttir - sviðsstjóri; Sigríður Kristjánsdóttir; Ragnar B. Sæmundsson; Valgarður Lyngdal Jónsson; Líf Lárusdóttir; Þórir Hákonarson; Pétur Jens Lockton; Ebba Schram; Sigurlaug R. Sævarsdóttir; Guðjón M Ólafsson; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Kjartan Ingvásson; Þórdís Sif Sigurðardóttir; Víkurbraut - Skrifstofa sviðsstjóra velferðarsviðs; Einar Brandsson; Guðlaugur Sæbjörnsson

**Subject:** Frestur til umsagnar framlengdur til 5. mars kl. 12:00

## Til sveitarfélaga

Með vísan til kynningarfundar innviðaráðuneytisins með framkvæmdastjórnnum sveitarfélaga um drög að frumvarpi um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem haldinn var þann 19. febrúar sl., þar sem u.þ.b. helmingur fulltrúa sveitarfélaga óskaði eftir að fresti til að veita umsögn um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda, hefur ráðuneytið ákveðið að framlengja samráðsfrestinn til **kl. 12:00, miðvikud. 5. mars n.k.**


Ráðuneytið telur rétt að áréttu að frumvarpsdrögin eru að grunni til þau sömu og birt voru í samráðsgátt stjórnvalda frá 10. mars 2023 til 20. mars 2023 þar sem 38 umsagnir bárust ráðuneytinu (sjá hér: <https://island.is/samradsgatt/mal/3436>) og voru einnig til umsagnar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 16. nóvember til 30. nóvember 2023 þar sem 31 umsögn barst Alþingi (sjá hér <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/154/478/?ltg=154&mnr=478>). Þá er afar mikilvægt að frumvarpið fái góða og vandaða umfjöllun hjá Alþingi og stendur því vilji til þess að frumvarpið komist sem fyrst til Alþingis þar sem sveitarfélögum verður að sjálfsögðu veitt færi á að koma að sínum sjónarmiðum.

Helstu breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu, frá þeim frumvarpsdrögum sem voru til kynningar í mars 2023, eru raktar í kafla 3.10 í frumvarpsdrögumunum. Auk þess er rétt að halda því til haga að gerð var breyting á þeim frumvarpsdrögum sem voru til kynningar í mars 2023 og þeim drögum sem mælt var fyrir um á Alþingi í nóvember 2023, að ákvæði 3. mgr. 13. gr. frumvarpsdraganna var felld brott áður en það var lagt fram á Alþingi, en ákvæðið felur í sér að það leiðir til lækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóðs ef sveitarfélag fullnýtir ekki heimild sína til álagningar útsvar. Er ákvæðið nú aftur að finna í þeim frumvarpsdrögum sem kynnt eru.


Eru sveitarfélög eindregið hvött til að veita umsögn um frumvarpsdrögin. Óskar ráðuneytið því sérstaklega eftir því, í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram á umræddum kynningarfundum, að sveitarfélög veiti umsögn sína um eftirfarandi atriði:

- Hvort að viðkomandi sveitarfélag telji núgildandi regluverk vera fullnægjandi eða hvort þörf sé á breytingum.
- Afstöðu sveitarfélagsins til 3. mgr. 13. gr. frumvarpsdraganna sem kveður á um að vannýting útsvars leiði til lækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Kær kveðja,  
Guðni Geir



**Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, staðgengill skrifstofustjóra / Director**  
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Ágæti viðtakendi

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur upp á 75 ára afmæli sitt á árinu 2025 og því margt fram undan. Glæsilegir hátíðartónleikar verða í Hörpu 6. og 7. mars, en þeir seinni verða í beinni útsendingu í sjónvarpi RÚV. Opið samspil verður haldið með yngri og eldri hljóðfæraleikurum, nýtt hlaðvarp sett á laggirnar, fjölbreyttri fræðsludagskrá haldið úti, sýning um sögu sveitarinnar sett upp og svo framvegis. Um mánaðamótin apríl-maí verður haldið í ferð á Hornafjörð, Vík og Selfoss og ýmislegt annað verður boðið fram í tilefni tímamótanna.

Ástæða þessa bréfs, sem sent er á allar sveitarstjórnir landsins og menningarfulltrúa landshlutasamtaka, er hins vegar sú að 29. ágúst næstkomandi verða haldnir í tíunda sinn sjónvarpstónleikarnir *Klassíkin okkar* sem notið hafa mikilla vinsælda á undanförunum árum á heimilum landsins. Samstarf Sinfóníuhljómsveitarinnar og RÚV er afar dýrmætt og með því hefur náðst að skila þessum tónleikum og fleiri tónleikum sveitarinnar heim í stofu til landsmanna.

Í tilefni afmælanna viljum við hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands leitast eftir samstarfi við sveitarstjórnir um land allt um verkefni sem við köllum *Sinfó í sundi* en þar viljum við hvetja sveitastjórnir á hverjum stað til að bjóða upp á beina útsendingu frá tónleikunum *Klassíkin okkar* sem hefjast kl. 20:00 á RÚV þann 29. ágúst. Áherslan í efnisskrá tónleikanna að þessu sinni verður á fjölbreyttan söng en nú stendur mótun tónleikanna yfir.

Hugmyndin er sú að í okkar dýrmætu sundlaugum og baðstöðum um allt land verði boðið upp á beina útsendingu frá tónleikunum, ýmist með hjálp skjávarpa eða sjónvarpstækja eða þá útvarpstækja, en tónleikarnir verða einnig í beinni útsendingu á Rás 1. Með því ætti að myndast möguleiki á mikilli og góðri samfélagsstemningu, en vitanlega verður hægt að njóta tónleikanna áfram heima með hjálp Spilara RÚV.

Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarstjórnarfólk, menningarfulltrúa, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og rekstraraðila sundlauga og baðstaða til að hafa opið fram á kvöld á meðan á tónleikunum stendur og taka þannig þátt í að mynda þessa óvenjulegu og skemmtilegu tónlistarupplifun sem þarna getur orðið til.

Í aðdraganda verkefnisins mun Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan senda frá sér kynningarefni um viðburðinn á sama netfangalista og fær þett bréf, menningarfulltrúar í hverjum landshluta eru síðan sérstakir tengiliðir við SÍ.

Með kærri kveðju og von um samhljóm um land allt,

Guðni Tómasson

Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Dagsetning **22. janúar 2025**  
Málsnúmer MAR25010171

## Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025, hefur atvinnumálaráðherra allt að 3.807 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025.

Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 818/2024 hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Í töflunni hér að neðan má sjá úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á fiskveiðiárinu 2024/2025 og eftirstöðvar af úthlutun fyrra árs sem kemur til ráðstöfunar á yfirstandandi fiskveiðiári:


Sveitarfélag	Byggðarlag	Úthlutun 2024/2025 (t)	Eftirstöðvar af úthlutun 2023/2024 (t)	Samtals til ráðstöfunar 2024/2025 (t)
Snæfellsbær	Arnarstapi	0	1.479	1.479
	Hellissandur	0	0.000	0.000
	Ólafsvík	0	0.000	0.000
	Rif	0	0.134	0.134


Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt þannig að ráðuneytið geti beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í byggðarlagi/byggðarlögum innan viðkomandi sveitarfélags án tafar.

Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur til 21. febrúar n.k. Tillögur sveitarstjórna um sérstök skilyrði sem berast verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins í 7 daga áður en þær verða teknar til efnislegrar meðferðar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælst er með að notað verði vegna tillögu um sérreglur og vegna rökstuðning fylgir sem viðhengi.

F.h. ráðherra

  
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir

  
Jón Þrándur Stefánsson

## Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024/2025

Í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, er að finna ákvæði er varða skilyrði um úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum. Ráðherra setur almenn skilyrði fyrir úthlutun með reglugerð. Almennar reglur um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 eru í reglugerð nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=99d26334-cda0-425b-be07-dd5dc1d43dfc>). Í framangreindri reglugerð eru tilgreind almenn skilyrði fyrir úthlutun aflamark er að finna

Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er vikja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga.

Í 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eru ákvæði er varða skilyrði um skyldu til að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga og getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er vikja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Ráðherra getur því á grundvelli framangreindra heimilda byggt á tillögum sveitarstjórna sem vikja frá ákvæðum í almennu reglunum sem er að finna í framangreindri reglugerð.

Nánari upplýsingar um málsmeðferð á tillögum sveitarstjórna er síðan að finna í 3. gr. reglugerðarinnar. Þar er ákvæði um fjögurra vikna frest fyrir sveitarstjórnir til að skila tillögum og ákvæði um kynningu ráðuneytis á tillögum sveitarstjórna á vefsíðu ráðuneytisins.

Til upplýsingar þá verður ferli á afgreiðslu tillagna sveitarfélags um sérreglur vegna byggðakvóta í byggðarlögunu eftirfarandi:

### Málsmeðferð sveitarstjórnar

Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

### Málsmeðferð ráðuneytis

- Ráðuneytið tilkynnir viðeigandi sveitarstjórn um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga innan sveitarfélagsins á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025.
- Erindi sveitarstjórnar um beiðni á setningu sérreglna berst ráðuneytinu ásamt tillögu að sérreglum.
- Ráðuneytið mottækur erindið og undirbýr kynningu á tillögu sveitarfélags.
- Kynning á tillögum sveitarstjórnar. Ráðuneytið birtir tillögu sveitarstjórnar á vef ráðuneytisins í sjö daga og óskar eftir athugasemdum varðandi tillögu viðkomandi sveitarstjórnar.
- Ráðuneytið mottækur athugasemdir vegna tillögu sveitarstjórnar fyrir viðkomandi byggðarlög og undirbýr kynningu á athugasemdum.
- Ráðuneytið metur hvort rökstuðningur tillagna sveitarstjórnar sé fullnægjandi eða hvort um annmarka sé um að ræða á tillögu sveitarstjórnar vegna viðkomandi byggðarlags m.t.t. afgreiðslu hennar. Ef svo er þá er sveitarstjórn tilkynnt um slíkt og gefinn kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Ráðuneytið tekur tillögu sveitarstjórnar til efnislegar meðferðar. Við mat ráðuneytisins verður sérstaklega litið til rökstuddra tillagna sveitarfélags um að vikja frá skilyrðum á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna enda séu þau í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Ráðuneytið kannar hvort aðstæður hafi breyst í viðkomandi byggðarlögu sem gefi tilefni til að fallast á eða hafna tilteknum atriðum í tillögum sveitarstjórnar. Bent skal á að þótt tilteknar tillögur að sérreglum hafi verið staðfestar á fyrri fiskveiðiarum er það ekki vísbending um að sambærilegar tillögur að sérreglum muni verða samþykktar fyrir viðkomandi byggðarlög fyrir fiskveiðiarinu 2024/2025 þar sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til hvernig tillögu fyrir sig með hlíðsjón af málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga í hverju tilvik fyrir sig.
- Ráðuneytið skrifar fundargerð um afgreiðslu erindis.
  - Ráðuneytið staðfestir að fullu tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið staðfestir að hluta tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.
  - Ráðuneytið hafnar tillögu sveitarstjórnar um sérreglur.Ráðuneytið sendir bréf til sveitarstjórnar um niðurstöðu ásamt rökstuðningi á afgreiðslu. Ef ástæða er til þá er sveitarstjórnunum gefin kostur til úrbóta á innsendri tillögu.
- Auglýsing sérreglna fyrir viðkomandi byggðarlög/byggðarlög er send Stjórnartíðindum til birtingar. Ráðuneytið getur gert leiðréttingar og formbreytingar á tillögum sveitarstjórna ef þörf er á ef það er nauðsynlegt m.t.t. málfars eða samhengis. Ráðuneytið mun hins vegar ekki leggja til efnisbreytingar á tillögum sveitarstjórna heldur verða slíkar tillögur að berast ráðuneytinu frá viðkomandi sveitarstjórnunum.
- Ráðuneytið sendir Fiskistofu fyrir máli um að auglýsa byggðakvóta til fiskiskipa til umsóknar fyrir viðkomandi byggðarlög/byggðarlög eftir að sérreglur hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

### Afgreiðsla Fiskistofu

Fiskistofa auglýsir byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar. Í framhaldi af afgreiðslu Fiskistofu á umsóknum er byggðakvóta til einstakra fiskiskipa úthlutað að teknu tilliti til sérreglna sem varða úthlutun ef við á.

Til hagræðingar fyrir sveitarstjórnir hefur ráðuneytið tekið saman form til útfyllingar sem mælt er með að þær noti ef að þær áforma að leggja fram tillögur um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra. Athugið að ekki er nauðsynlegt að tillögur sveitarstjórna feli í sér breytingu á öllum ákvæðum 1. gr., 4. gr., eða 6. gr. heldur getur verið um afmarkað frávík eða breytingu að ræða á ákvæði tilteknar gr. reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025.

**Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Hér skal rita nafn sveitarfélags.
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Hér skal tilgreina hvaða byggðarlag tillaga sveitarfélags varðar. Ef um er að ræða tillögu sem varðar fleiri en eitt byggðarlag innan sama sveitarfélags skal tilgreina hvaða byggðarlög er um að ræða.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Hér skal rita dagsetningu á samþykkt sveitarstjórnar á tillögu að sérreglum sem send er ráðuneytinu. Jafnframt skal senda afrit af fundargerð sveitarstjórnar þar sem ákvörðun vegna tillagna að sérreglum er samþykkt til ráðuneytisins.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að vika frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.  Vakin er athygli á að nauðsynlegt er að fram fari áhrifamat á tillögunni. Í áhrifamatinu felst að meta þarf hvaða áhrif breyting frá almennum reglum sem tillagan getur falið í sér hafi á einstaka aðila sem gætu átt rétt á úthlutun í byggðarlaginu.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að vika frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni. Jafnframt þarf að greina frá hvernig tillagan samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags/byggðarlaga.  Vakin er athygli á að nauðsynlegt er að fram fari áhrifamat á tillögunni. Í áhrifamatinu felst að meta þarf hvaða áhrif breyting frá almennum reglum sem tillagan getur falið í sér hafi á einstaka aðila sem gætu átt rétt á úthlutun í byggðarlaginu.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Hér þarf fylla inn texta þar sem koma þarf fram orðalag og ákvæði reglugerðar. Greina þarf frá því hvaða skilyrðum er verið að vika frá eða hvaða viðbótarskilyrði er verið að setja.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Nauðsynlegt er að rökstyðja hvaða málefnalegu sjónarmið liggja að baki tillögu sveitarstjórnar og hverjar séu hinar staðbundnu ástæður fyrir tillögunni.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á töluþösfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	

# Samþykktir

## fyrir byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

### 1. gr.

Sveitarstjórnir Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Sveitarfélagsins Stykkishólms hafa ákveðið með vísan til IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/1911 að stofna byggðasamlag um rekstur félags- og skólaþjónustu í sveitarfélögunum.

### 2. gr.

Samlagið heitir Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs. Er í samþykktum þessum jafnframt vísað til þess með skammstöfuninni "FSS". Heimili þess og varnarþing er á Hellissandi, Snæfellsbæ.

### 3.gr.

Tilgangur og hlutverk FSS er að sinna þeim verkefnum sem skylt er skv. neðangreindum lögum ásamt síðari breytingum sem á þeim kunna að verða og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa:

1. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Barnaverndarlögum nr. 80/2002
3. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008.
4. Lögum um leikskóla nr. 90/2008
5. Lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

Heimilt er að fela öðru byggðarsamlagi eða sveitarfélagi framkvæmd verkefna FSS á sviði barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2008 að einhverju eða öllu leyti á grundvelli 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 92., 93. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að fenginni staðfestingu ráðuneytis á þeim samningi.

Færast umrædd verkefni yfir til viðkomandi samstarfsaðila á þeim tíma sem sá aðili tekur við verkefnunum. Verði samstarfssamningi slitið þá færast umrædd verkefni aftur til FSS á þeim tíma þegar því samstarfi líkur.

Skal hlutverk FSS og samstarf þessi við þann aðila sem hefur verið falin verkefni á sviði barnaverndarþjónustu samkvæmt framansögðu á ákveðin í samstarfssamningi viðkomandi sveitarfélaga við þann aðila.

### 4. gr.

Aðalfund skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en í júnímánuði. Fer hann með æðsta vald í málefnum byggðasamlagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna. Aðalfund skal stjórn byggðasamlagsins boða með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá fundarins og ársreikningur skal fylgja fundarboði eða berast sveitarstjórnnum eigi síðar en viku fyrir boðaðan fund. Aðalfundur er lögmætur sé hann löglega boðaður, bréf lega eða í rafrænum formi.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera eftirtaldir liðir.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Afgreiðsla reikninga
4. Kosning stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Önnur mál

Aukafundi skal halda ef einn stjórnarmaður eða þriðjungur þeirra sem rétt eiga til fundarsetu óskar þess og skulu þeir boðaðir með dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara.

Við atkvæðagreiðslu á aðalfundi og aukafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða fulltrúa aðildarsveitarfélaganna.

Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins skal tekin fyrir ef tillaga um breytingar hefur komið fram með löglegum fyrirvara fyrir aðalfund. Tillaga að breytingu á samþykktum skal fylgja fundarboði eða send rafrænt til framkvæmdastjóra allra aðildarsveitarfélaganna og verkefnastjóra í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnast samþykkis 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi.

Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.

#### 5. gr.

Í stjórn Byggðasamlagsins skulu sitja 3 fulltrúar; einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Snæfellsbæjar og einn skv. tilnefningu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Kjósa skal jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör aðalmanna.

Við atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða stjórnarmanna en að öðru leyti gilda um fundi og fundarsköp ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingun eftir því sem þau eiga við og fyrirmynd ráðuneytisins að fundarsköpum sveitarstjórna um stjórnarfundum. Sama gildir um réttindi og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs sér formann. Formaður stýrir fundum. Fundargerðir skal færa í sérstaka gerðarbók ellegar í rafrænt form.

Fundargerðir skal senda aðildarsveitarfélögum sem og birta á aðgengilegan hátt á heimasíðu byggðasamlagsins og eða heimasíðum sveitarfélaganna.

## 6. gr.

Hlutverk stjórnar byggðasamlagsins er:

- a. Að ráða forstöðumann og ákvarða ráðningarkjör hans og starfsskipalag; setja erindisbréf og veita prófkúrumboð.
- b. Að skera úr um ágreining sem upp kann að koma varðandi starfsemina og vísað er til stjórnar.
- c. Að hafa eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að fylgt sé lögum og reglugerðum sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur samlagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin skal gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og skal hún gera tillögur til eigenda um þau framtíðarmarkmið sem stefnt er að á hverjum tíma.
- d. Að koma fram fyrir hönd samlagsins gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum.
- e. Að semja tillögur til aðalfundur um verkefni næsta árs, rekstraráætlun og fjárhagsáætlun.

Stjórninni er heimilt innan marka fjárhagsáætlunar, að ganga til samstarfs og samninga við aðila um einstök verkefni sem byggðasamlaginu kunna að vera falin.

## 7. gr.

Ein, sameinuð félags-, barnaverndarnefnd- og skólaþjónustunefnd, heitir “Félagsmálanefnd Snæfellinga”, skal starfa og sinna viðeigandi verkefnum á starfsvæðinu. Nefndin heyrir undir stjórn Byggðasamlagsins og fer í umboði hennar með með stjórn þeirra málaflokka sem undir hana heyra. Í nefndina skal kjósa fimm aðalfulltrúa; 2 frá Snæfellsbæ, 2 frá Stykkishólmsbæ og 1 frá Grundarfjarðarbæ. Jafnframt skal kjósa jafnmarga varamenn og fer með kjör þeirra eftir sömu reglum og um kjör varamanna.

## 8. gr.

Byggðasamlagið skal annst rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, er lögaðili við framkvæmd þjónustunnar og ber ábyrgð á öllum skyldum aðildarsveitarfélaganna gagnvart íbúum þeirra og starfsmönnum stofnunarinnar.

## 9. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði FSS skal jafnar niður á aðildarsveitarfélögin í réttu hlutfall við íbúatölu þeirra eins og hún var 1. desember næstliðið ár. Sameiginlegur kostnaður er allur kostnaður vegna starfa stjórnar, félagsmálanefndar og reksturs stofnunarinnar. Kostnaður vegna einstakra úrræða greiðist af viðkomandi sveitarfélagi að höfðu samráði við viðeigandi starfsmanni þess sveitarfélags.

## 10. gr.

Forstöðumaður gerir fjárhagsáætlun í samráði við stjórn og félagsmálanefnd. Senda skal áætlunina sveitarstjórnnum til umfjöllunar fyrir 1. desember ár hvert eða eftir nánari viðmiðum sveitarfélaganna sem og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum tíma. Hafi ekki borist athugasemdir við frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir áramót skoðast það samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn. Berist breytingartillögur eða athugasemdir við fjárhagsáætlunina skal stjórn FSS fjalla um þær og afgreiðir fjárhagsáætlun endanlega fyrir janúarlök. Ákvarðanir allar stærri fjárfestingar skal þó taka á aðalfundi.

**11. gr.**

Gjöldum aðildarsveitarfélaganna skal skipt í 10 mánaðargreiðslur með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar frá og með febrúar til og með nóvember. Verði dráttur á greiðslum skal reikna dráttarvexti.

**12. gr.**

Reikningar FSS skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem stjórn FSS ræður til starfans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir í samræmi við 69. gr. sveitarstjórnarlaga með síðari breytingum.

**13. gr.**

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þegar uppgjör fer fram.

**14. gr.**

FSS er heimilt að selja öðrum sveitarfélögum þjónustu skv. samþykktum þessum enda greiði viðkomandi sveitarfélag fyrir þá þjónustu.

**15. gr.**

Um endurskoðun á samþykktum þessum, úrgöngu úr byggðasamlaginu eða verða starfsemi þess hætt gilda ákvæði 94. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Snæfellsnesi, 5. nóvember, 2024,

---

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

---

f.h. sveitarfélagsins Stykkishólms

---

f.h. Grundarfjarðarbæjar

---

f.h. Snæfellsbæjar